

Ingvar Hallgrímsson

**Rækjuleit á djúpslóð við
Ísland**

Reykjavík 1993

Efnisyfirlit

Inngangur.....	bls. 1
Gamlar heimildir um rækju við Ísland.....	- 1
Upphaf rækjuveiða við Ísland.....	- 3
Upphaf rannsókna og tilrauna með breytt veiðarfæri.....	- 6
Rækjuleitarleiðangrar 1961 - 1980:	
Upphaf.....	- 8
1961.....	- 10
1962.....	- 11
1963.....	- 13
1964.....	- 13
1965.....	- 15
1966.....	- 15
1967.....	- 15
1968.....	- 16
1969.....	- 17
1970.....	- 19
1971.....	- 24
1972.....	- 28
1973.....	- 31
1974.....	- 34
1975.....	- 37
1976.....	- 40
1977.....	- 45
1978.....	- 49
1979.....	- 52
1980.....	- 55
Þakkir.....	- 58
Heimildir.....	- 59

Inngangur

Í ritgerð þessari verður gerð grein fyrir rækjuleit á úthafinu við Ísland til 1980, þ.e. utan flóa og fjarða, á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, sem hét Atvinnudeild Háskólans Fiskideild til 1965. Jafnframt verður dregið á leiðangra þar sem rækju hefur orðið vart að einhverju ráði, þótt þeir hafi ekki verið sérstakir rækjuleiðangrar. Sömuleiðis er stundum getið leiðangra, sem bæði voru farnir til úthafs sem fjarða, sérstaklega ef eitthvað nýtt hefur komið í ljós, jafnvel þótt þeir væru ekki beinlínis á vegum stofnunarinnar. Kemur það allt fram í texta og mun tæpast valda misskilningi. Einnig verður lítilsháttar minnst á upphaf rækjuveiða við Ísland.

Eldeyjarmið eru hér talin til úthafsmiða, enda utan flóa og fjarða, þótt þau teljist stjórnunarlega til innfjarðamiða. Seiða- og smáfiskagengd var þar mikil og engu minni en innfjarða. Sýna þeir leiðangrar, er þangað voru farnir, ljóslega þá erfiðleika sem við var að etja í því sambandi. Svipuðu máli gegnir um Kolluál.


Gamlar heimildir um rækju við Ísland

Rækju mun fyrst getið í íslenskum heimildum í riti Jóns Guðmundssonar lærða "Ein stutt undirrétting um Íslands aðskiljanlegu náttúrur", sem talið er ritað á árunum 1640-1644. Þar nefnir hann rá, sem talið er að sé rækja (1). Í leiðangursskýrslum mun hins vegar fyrst vera minnst á úthafs rækju hér við land í frásögn af leiðangri danska rannsóknaskipsins Ingolf frá 1896. Þá fannst rækja í Djúpál, djúpt á Skagagrunni, í Þistilfjarðardjúpi og um 60 sjómílur austur af Reyðarfirði (2). Í leiðangri norska rannsóknaskipsins Michael Sars árið 1900 fannst rækja í Þistilfjarðardjúpi. Sama skip varð einnig vart við rækju í Seyðisfjarðardjúpi árið 1907 (3).

Í einum af mörgum leiðöngrum danska rannsóknaskipsins Thor til Íslands undir stjórn Jóhannesar Schmidt er þess getið (4), að hinn 29. maí 1903 hafi fundist rækja í mynni Reyðarfjarðar á 81-85 faðma dýpi, og nefndi Bjarni Sæmundsson (5), sem var með í leiðangrinum, að hún hafi fundist þar "í mergð". Bjarni gat þess einnig í sömu heimild, að hann hafi á árunum 1903-1926 fundið rækju "á öllu dýpi" frá 20-420 m og nefndi sérstaklega Hvalfjörð, Héraðsflóa, Ísafjörð, Eyjafjarðarál, Vestmannaeyjasjó, Selvogsgrunn, Eldeyjargrunn, Suður Kanta, Jökuldjúp, Ísafjarðardjúp, Hala, Kögurgrunn, Strandagrunn og norðurbrún þess, Hornbanka, Eyjafjarðarál og Reyðarfjörð. Einnig fann Bjarni rækju í

þorskamögum í Bolungarvík og í þorski veiddum í Eyjarfjarðarál árið 1923. Taldi hann rækju hafa verið aðalfæðu þorsks úr Eyjafjarðarál á 420-440 m dýpi (6). Einnig gat Bjarni um rækju vorið 1933 um 30 sjómílur norður af Kögri (7).

Árni Friðriksson skýrði frá því í grein í Náttúrufræðingnum 1936, (8) að danska rannsóknaskipið Dana, sem oft var hér við land frá 1924 og fram undir síðustu heimsstyrjöld (1), hafi fengið "nokkra bala fulla af kampalampa (þ.e. rækju) í einum einasta drætti í Eyjafjarðarál" í ágúst 1926. Hann nefndi einnig, "að enginn hörgull virðist vera á kampalampa úti fyrir Vestfjörðum, og meira að segja inni á fjörðum, þar sem dýpið er nægjanlegt. Sama máli er að gegna um Norðurland." Sömuleiðis gat hann þess, að veturinn 1935-1936 hafi fengist talsverð rækja í síldarbotnvörpu, bæði í Faxaflóa og fyrir sunnan land. Sem dæmi nefndi hann, að hinn 5. maí 1936 hafi fengist 60 lítrar af rækju á 64-145 m dýpi vestur af Hrollaugseyjum. Í Ársriti Fiskifélagsins 1936 bar Árni saman þessa Hrollaugseyjarækju og rækju, sem hann fékk senda frá Ísafirði (9). Meðallengd Ísafjarðarrækjunnar reyndist mun minni en Hrollaugseyjarrækju, sem og meðalþyngd, eða 2,2 g á móti 7,4 g. Taldi hann rækjuna að vestan vera ungvíði, 1-2 ára, en Hrollaugseyjarækjuna fullorðna.



1. mynd. Staðir þar sem rækja fannst í þorsleiðöngnum 1935-1939. Úr gögnum Árna Friðrikssonar.

Á árunum 1935-1939 hafði Árni aðgang að varðskipinu Þór, sem var upprunalega þýskur togari, og fór á honum ýmsar rannsóknafærðir umhverfis landið, svokallaða Þórsleiðangra. Þótt leiðangursbækur Árna frá þessum tíma virðist glataðar, hefur þó fundist teikning hans af fundarstöðum rækju við Ísland frá Þórsleiðöngurum á fyrrgreindum tíma. Þessi teikning birtist hér sem 1. mynd. Því miður verður hvorki í ráðið, hve mikill afli fékkst á hverjum stað, né heldur á hvaða árstíma, en þó má fastlega gera ráð fyrir, að um sumartíma hafi verið að ræða (1). Það sem hins vegar vekur athygli, er hve víða rækja fannst, og eins hitt, að það er á sömu slóðum og síðar hafa reynst gjöful rækjumið.

Þess má einnig geta, að í júlí 1959 varð norska rannsóknaskipið Johan Hjort vart við rækju djúpt á norðurkanti Seyðisfjarðardjúps. Farið var með þessa rækju til Seyðisfjarðar, en þangað kom skipið frá Færeyjum, og mynduðust brátt sögur um, að hér hefði verið um mikinn afla að ræða. Svo var þó ekki; aðeins var togað einu sinni og fékkst um 20-30 kg rækjuafli. Tveir íslenskir fiskifræðingar voru þarna um borð, greinarhöfundur og Hermann Einarsson.

Í yfirlitsritgerð Bjarna Sæmundssonar frá 1936 (5) og K. Stephensen frá 1939 (10) um krabbadýr við Ísland er getið flestra fundarstaða rækju hér við land fram til þess tíma.

Þrátt fyrir þann árangur, sem að framan greinir, varð löng bið á því að rækjuveiðar hæfust á úthafinu og virðist sem menn hafi að mestu snúið sér að rækjuleit innfjarða, enda voru rækjuveiðar þá aðeins þekktar sem innfjarðaveiðar, aðallega við Noreg og innan sænska skerjagarðsins við Bohuslén. Þar fundu fiskifræðingarnir Johan Hjort og Johannes Petersen rækju í veiðanlegum mæli á síðasta tug 19. aldar og varð það upphaf rækjuveiða.

Hér við land hófust innfjarðaveiðar á rækju að einhverju marki næstum hálfri öld síðar.

Upphaf rækjuveiða við Ísland

Ekki virðast liggja fyrir einhlítar heimildir um upphaf rækjuveiðitilrauna við Ísland. Árið 1980 reit Halldór Hermannsson um þetta efni í Ægi (45), en víðamesta grein um upphaf rækjuveiða hér við land er ritgerð Ásgeirs Jakobssonar (13), er birtist sama ár í Ægi, en þar rekur hann helstu upplýsingar um upphaf þessara rækjuveiðitilrauna. Telur hann að "aðalheimildin um upphaf veiðanna" sé grein í Ísafjarðarblaðinu Skutli frá 3. ágúst 1935. Samkvæmt grein þessarri reyndu Norðmennirnir Ole G. Syre og Simon Olsen fyrstir manna rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi árið 1924. Hins vegar hallast Ásgeir frekar að því, að þetta hafi verið einu ári fyrr. Telur hann, samkvæmt heimildum Ísafjarðarblaða, að Simon

Olsen hafi komið til Íslands það ár en Ole G. Syre hafði búið á Ísafirði frá árinu 1909.

Heimildum ber ekki saman um, með hvaða veiðarfæri þessi fyrsta tilraun var gerð. Ísafjarðarblöðin Skutull og Vesturland gátu þess 1937, að Simon hafi haft rækjuvörpu meðferðis, er hann kom til Íslands 1924 og hafi reynt með henni það sumar (13). Guðmundur G. Hagalín telur í ævisögu sinni (46), að Ole G. Syre hafi fyrstur manna veitt rækju í smásíldarnet 1924 og hafi það vakið litla athygli. Ekki minnst hann á Simon Olsen í þessu sambandi. Einnig telur hann, að Syre hafi fyrst pantað rækjuvörpu frá Noregi 1935 og Simon Olsen um svipað leyti. Högni Torfason (47) telur einnig, að áhugi manna á rækju hafi á þessum tíma verið mjög lítill.

Í fyrrnefndri grein sinni getur Ásgeir Jakobsson bréfs, er ritað mun hafa verið 1980, frá Harald Hauge, sem var einn þeirra Norðmanna er hér koma við sögu. Í bréfi þessu getur Harald Hauge þess, að vorið 1923 hafi Ole G. Syre keypt bát í Noregi, sem Hrönn hét, - áður Solunder - og síðan siglt á honum til Íslands þá um sumarið ásamt nokkrum nafngreindum Norðmönnum, þ.á.m. Simoni Olsen. Hefðu þeir stundað síldveiðar þá um sumarið, þ.e. 1923. Um haustið hefðu þeir hins vegar leigt sér bát af ónafngreindum Íslendingi á Ísafirði "í þeim tilgangi að veiða rækju úti í firðinum". Er ekki annað að skilja, en að í þeim leiðangri hafi verið Gabriel Olsen, sem var bræðringur við Simon Olsen, Harald Hauge og bátseigandi, sem var Íslendingur. Samkvæmt þessu, sem Ásgeir Jakobsson virðist telja líklegt, hefur rækjuvörpu fyrst verið difið í sjó hér við land haustið 1923. En við þetta er ýmislegt að athuga. Hafi þeir Ole G. Syre og Simon Olsen leigt bát frá Ísafirði haustið 1923, þótt Ole G. Syre ætti bátinn Hrönn, hefur Simon komið til landsins ekki síðar en það ár. Fyrir því finnast þó engar heimildir, að því er best verður séð. Samkvæmt munnlegum upplýsingum Jóhanns Hinrikssonar bókavarðar á Ísafirði um miðjan september 1989, er Simon Olsen fyrst skráður á manntali 1924 og þá talinn búa í Grænagarði á Ísafirði hjá Ole G. Syre. Jens í Kaldalóni getur þess hins vegar í grein í Morgunblaðinu 1980 (13), að Simon hafi fyrst komið hingað til lands með norska skipinu Ametu 1925. Í viðtali Magnúsínu Olsen, ekkju Simonar, við greinarhöfund hinn 25. okt. 1989, sagði hún Simon hafa verið fyrsta vélstjóra á skipi þessu 1925 og þá fyrst komið til Íslands. Þá hafi hann ekki hugsað sér sérstaklega að setjast að hér á landi, farið fljótlega utan en komið alkominn á ný 1927. Þessar upplýsingar hennar munu einnig liggja fyrir á snældu. Heimildum virðist þannig ekki bera saman um komu Simonar Olsen til landsins.

Eins og fyrr er nefnt, taldi Harald Hauge - sem og Gabriel Syre, sonur Ole G. Syre - að Simon hefði komið til Íslands frá Noregi með bátnum Hrönn, sem áður hét Solunder, árið 1923 (13). Greinarhöfundur hefur því lítilsháttar látið kanna, hvenær báts

Þessa er fyrst getið í heimildum hér á landi. Í Ísafjarðarblaðinu Skutli er birt eftirfarandi frétt hinn 25. júlí 1924: "O. G. Syre hefur fengið laglegan bát frá Noregi, c. 60 tons; skal hann hefja síldveiðar." Í blaðinu Vesturlandi á Ísafirði er þess getið hinn 30. júlí 1924 (48), að mótorkútturinn Hrönn, sem Ole G. Syre hafi keypt frá Noregi, hafi komið til Ísafjarðar í sl. viku með tunnur og salt og farið þegar til síldveiða. Þau Jóhann Hinriksson og Edda Kristmundsdóttir bókaverðir á Ísafirði hafa ekki fundið eldri heimildir um bát þennan í Ísafjarðarblöðum, og telja því líklegast, að hér sé verið að segja frá komu hans til landsins, enda bendi farmur hans til þess, að hann hafi komið að utan.

Í Fiskiskýrslum og hlunninda er Hrannar fyrst getið 1927 (49) í skrá um skip er stunduðu fiskveiðar 1924. Er hún þar talin hafa verið á síldveiðum frá 30. júlí til 15. sept. og er O.G. Syre skráður útgerðarmaður. Í Almanaki handa íslenskum fiskimönnum frá 1924 (50) er birt skrá yfir íslensk skip í árslok 1923, og þar finnst hvorki Hrönn né Solunder. Í Almanaki Stjórnarráðsins 1925 (51), er engin skipaskrá birt, og í Íslensku Sjómannna-almanaki 1926 (52) er hvorki Hrönn né Solunder nefnd í skipaskrá ársins 1925. Í Sjómannna-almanaki 1927 (53) er hins vegar getið um Hrönn (ex Solunder), ÍS-447, og er hér sama einkennisnúmer bátsins og getið er í fyrrnefndri skrá um þau skip, er stunduðu fiskveiðar 1924. Er því ótvírætt um sama skip að ræða. Eigandi er og talinn O.G. Syre á Ísafirði. Þess ber að geta, að skipaskrár Stjórnarráðsins virðast ekki hafa verið talin ábyggileg gögn, enda getur Sveinbjörn Egilson þess í Ægi 1923 (54), að skráin sé "hvorki fugl né fiskur" og "hörmung til yfirlestrar" enda vanti þar fjölda skipa, og á hann þá sérstaklega við skrána frá 1923. Sé bréf Haralds Hauge talið trúverðugt, kemur báturinn Hrönn reyndar ekkert við upphafs sögu rækjuveiða, þar eð fyrstu veiðitilraunir voru framkvæmdar á íslenskum leigubát að hans sögn.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, virðist enn ýmislegt á huldu um upphaf rækjuveiðitilrauna hér við land.

Eins og fyrr er nefnt telur Ásgeir Jakobsson (13), að réttasta heimildin um upphaf rækjuveiðitilrauna sé grein sú, sem birtist í Skutli hinn 3. ágúst 1935. Halldóri Herrmannssyni (45) virðist hins vegar ekki hafa verið kunnugt um grein þessa, en vitnar til greinar, er birtist í blaðinu hinn 21. febrúar 1937 þar sem Sveinn Sveinsson frá Felli er talinn upphafsmaður rækjuveiða hér við land. Svo mun þó ekki vera, en í bréfi því, sem Ásgeir Jakobsson birtir frá Harald Hauge, kemur fram, að rækjuveiðitilraunir þeirra félaga - hvort sem þær hafa farið fram 1923 eða 1924- hafi verið framkvæmdar á íslenskum leigubát eins og fyrr er nefnt.

Pétur Pétursson fyrrum netagerðarmaður á Ísafirði, sem greinarhöfundur hefur rætt við, var tvítugur 1923, og telur hann ekki ólíklegt, að tilraun þessi hafi verið gerð á bátnum Svan, er

Sveinn Sveinsson frá Felli átti, og hafi hann verið sá Íslendingur sem með þeim var í tilraun þessari. Hafi Sveinn haft áhuga á ýmsum málum, er aðrir létu sig lítt varða, og þá m.a. á þessum tilraunum. Gæti það einnig skýrt það, að Sveinn keypti síðar þá norsku rækjuvörpu, er Ísafjarðarblöð töldu, að Símon Olsen hefði komið með til landsins 1924 og reyndi í Ísafjarðardjúpi. Hins vegar finnst engin skýring á því, hvers vegna Hrönn var ekki notuð við þessar tilraunir, en var þó í eigu Ole G. Syre og áður notuð við síldveiðar. Högni Torfason hefur einnig rakið þessa sögu, án þess að hafa komist að ótvíðræðri niðurstöðu um upphaf rækjuveiða hér við land (116).

Tilraunum til rækjuveiða í Djúpinu var haldið áfram síðar (13), en þar eð engin rækjuvinnsla var fyrir hendi var framhald veiða þar með dauðadæmt. Má því segja, að innfjarðaveiðar á rækju hafi fyrst hafist að marki í Ísafjarðardjúpi 1936, er stofnað var til rækjuvinnslu á Ísafirði; þá í Arnarfirði, en þar hófst vinnsla rækju 1938 (47), og síðan í Húnaflóa 1965 (11).

Eitthvað munu menn þó hafa leitað rækju annars staðar á þessu tímabili, þótt ekki bæri það árangur, t.d. mun Fiskimálasjóður hafa styrkt rækjuleit fyrir Norðurlandi haustið 1954, sem farin var á vegum Siglfirðinga á m/b Björgu frá Siglufirði (26).

Upphaf rannsókna og tilrauna með breytt veiðarfæri

Rækjurannsóknir í sambandi við veiðarnar hófust 1959 undir stjórn Aðalsteins Sigurðssonar. Rækjuveiðikvóti var settur á í Ísafjarðardjúpi haustið 1961, og var það í fyrsta sinn sem kvóti var settur á veiðar hér við land. Hámarksafli var svo ákveðinn á öðrum innfjarðasvæðum, er veiðar hófust þar og hefur verið að mestu haldið síðan (29, 63).

Fiskimálanefnd, sem starfaði á árunum 1936-1947 hafði sem höfuðverkefni að reyna að gera framleiðslu sjávarfangs fjölbreyttari m. a. með hagnýtingu vannýtttra tegunda í huga. T. d. nefndi Árni Friðriksson (12), að vorið 1936 hafi nefndin staðið fyrir nokkurri rækjuleit. Þá um vorið fór m/b Hafþór, skipstjóri Annilús Jónsson, tvo leiðangra til rækjuleitar í Hvalfirði og norðanverðum Faxaflóa, og varð rækju vart alls staðar en hvergi mikil veiði. Þá fór m/b Óli frá Ísafirði þrjár ferðir til rækjuleitar í júní sama ár, tvær um Ísafjarðardjúp og eina um Arnarfjörð. Um leiðangrana í Ísafjarðardjúpi sagði Árni, að ekki hafi orðið "verulegur árangur af þeim ferðum". Veiði var yfirleitt lítil, þó helst í Hestfirði. Um leiðangurinn til Arnarfjarðar, sem farinn var í sama mánuði, nefndi hann, að veiði hafi best verið um 80-100 kg á klukkustund og "veiddist mikið af feitri rækju, vel fallinni til niðursuðu, og telja

leiðangursmenn aðstöðu til veiðanna þar í firðinum góða, góðan botn og mjög hæfilegt dýpi". Engir aukvisar voru í þessum þrem leiðöngrum, skipstjórinn Simon Olsen og með honum O. G. Syre, sem fyrr er getið.

Þetta sumar (þ.e. 1936) var Árni við rannsóknir á varðskipinu Þór, og í fyrrgreindri heimild gat hann þess, að leiðangursmenn hafi reynt fyrir rækju á Arnarfirði, Reyðarfirði, við Hrollaugseyjar, á Berufirði, í Eyjafjarðarál og í Grænlandshafi, en þar taldi hann vera "mergð af kampalampa" (12).

Þrátt fyrir þessi ummæli, og þótt rækja hefði fundist allvíða í leiðöngrum Árna Friðrikssonar, virðist sem afli hafi ekki verið það mikill, að menn reyndu fyrir sér með rækjuveiðar á úthafinu með þeirri veiðitækni, og þeim skipakosti, sem þá var fyrir hendi. Einnig verður að hafa í huga, að rækjuveiðar voru almennt ekki stundaðar á úthafssvæðum á þessum tíma og reynsla af slíkum veiðiskap því engin.

Þegar rækjuveiðar hófust hér við land, voru í upphafi notaðar norskar vörpur með löngum belg og poka. Fljótt kom í ljós, að hin norska gerð var óheppileg til veiða innfjarða sökum þess, hve mikið af smáfiski og síld kom í hana. Var þá gripið til þess ráðs, sem vel gafst, að stytta vörpuna til mikilla muna, þannig að af henni var tekinn pokinn og mestallur belgurinn, svo að varpa þessi, sem nefnd var Ísafjarðarvarpa, var aðeins 9-12 fet frá höfuðlínu niður í botn. Þessi breyting á vörpunni reyndist góð vörn gegn veiði ungfisks og síldar án þess að rýra að ráði hæfni hennar til rækjuveiða. Pétur Pétursson neðagerðarmaður, sem fyrr er nefndur, telur að Simon Olsen hafi stað fyrir þessum breytingum á vörpunni, og hyggur hann, að um 1925-1926 hafi Simon Olsen lokið við að breyta henni í öllum aðalatriðum í það horf, sem síðar varð algengt. Varpa þessi var fótreipisvarpa, þ.e. án bobbinga, og því mjög viðkvæm á ósléttum botni. Notkun hennar takmarkaðist því að mestu við sléttan leirbotn.

Árið 1959 eignaðist Hafrannsóknastofnun danska rækjuvörpu, sem var mjög áþekk þeirri norsku vörpu, sem áður er getið. Árið 1960 báru greinarhöfundur og Aðalsteinn Sigurðsson veiðihæfni hennar saman við Ísafjarðarvörpuna og kom í ljós, að í dönsku vörpuna kom mikið meiri fiskur en í Ísafjarðarvörpu, t.d. röklega 9 sinnum meira af þorski og tæplega 13 sinnum meira af ýsu (44).

Fyrirnefnd Ísafjarðarvarpa, stundum í lítt breyttri mynd, var notuð af Fiskideild (Hafrannsóknastofnun) við rækjuleit á úthafinu allt fram til ársloka 1967. Aðalástæðan var sú, að þeir bátar, sem helst fengust til rækjuleitar á úthafinu á þessum tíma, voru þeir bátar, er ella stunduðu rækjuveiðar innfjarða og höfðu með sér þann veiðibúnað, sem þar var notaður, enda ekki öðrum til að

dreifa. Eftir 1967 voru hins vegar notaðar stærri rækjuvörpur, sem þróuðust upp í það að vera um 1968 taldar rúmlegaa tvisvar sinnum veiðnari en Ísafjarðarvarpan (11).

Síðar meir, með tilkomu stærri rækjuveiðiskipa, breyttust og stækkuðu vörpunar stöðugt, og telur Guðni Þorsteinsson, að íslensk rækjuvarpa, þ.e. Ísaafjarðarvarpan í ýmsum myndum, hafi trauðla verið notuð eftir 1976 (24), og á árunum 1968-1970 höfðu stærri og stórvirkari vörpur almennt verið teknar í notkun (25).

Þar sem fótrepisvarpan (Ísafjarðarvarpan) takmarkaðist við sléttan botn, eins og áður er nefnt, fóru menn að reyna að setja á hana bobbinga. Gunnar Þórðarson skipstjóri á Frigg BA 4 mun hafa reynt gegnumboraðar álkúlur og síðar trébobbinga, sem hann sagaði úr bryggjustólpum, á vertíðinni 1961-1962 og gat þá dregið á mun verri botni en áður. Um 1960 mun slík Ísafjarðarvarpa með bobbingum hafa verið orðin almenn við rækjuveiðar á Arnarfirði. Freistandi væri að reikna veiðistuðul hinna ýmsu vörpugerða til að meta rækjuveiði og bera betur saman frá ári til árs. Það voru hins vegar ekki einungis veiðarfærin sem breyttust og þróuðust, heldur stækkuðu skipin líka og togkraftur þeirra varð allt annar. Segja má, að á aðalbreytingaskeiðinu hafi reyndar næstum hver rækjuskipstjóri verið með eigin útgáfu af rækjuvörpu. Að öllu þessu samanlögðu var talið sýnilegt, að slíkur veiðistuðull yrði svo ónákvæmur, eða jafnvel villandi, að hann kæmi ekki að notum. Árið 1970 var t.d. talið, að bátar væru almennt farnir að nota vörpur, sem væru rúmlega tvöfalt veiðnari en gamla Ísafjarðarvarpan (18), og síðan þá hafa enn orðið miklar breytingar, og m.a. notaðar ýmsar vörpugerðir með misjöfnum árangri.

Rækjuleitarleiðangrar 1961-1980

Upphaf

Árið 1960 báru þingmenn Austfjarða fram þingsályktunartillögu um leit að rækjumiðum fyrir Austurlandi. Tillaga þessi var samþykkt með þeirri breytingu, að leitinn skyldi einnig ná til miða við Norðurland "og á öðrum þeim hafsvæðum umhverfis landið, þar sem ætla má, að rækju sé að finna". Var þetta 126. mál í sameinuðu þingi og var vísað til fjárveitinganefndar þingsins. Nefndin sendi málið til umsagnar fiskideildar atvinnudeildar Háskólans (síðar Hafrannsóknastofnunar) hinn 9. maí, og var svarað með bréfi hinn 10. sama mánaðar. Bréf þetta var svohljóðandi:

"Fiskideild hefur borizt bréf yðar, dagsett í gær, þar sem beðið er um umsögn fiskideildar um þingsályktunartillögu um leit að rækjumiðum.

Fiskideild vill eindregið mæla með því, að hafin verði leit rækjumiða, en telur hinsvegar, að í áðurnefndri þingsályktunartillögu sé leit að rækju of þröngur stakkur skorinn þar eð aðeins er miðað við einstaka landshluta. Vill fiskideild benda á, að athuganir, sem dr. Árni Friðriksson framkvæmdi 1935-36 bentu eindregið til þess, að rækju væri að finna víðast hvar meðfram landgrunnskötunum. Mál þetta hefur verið til umræðu meðal sérfræðinga fiskideildar og sömuleiðis hefur verið rætt við fiskimálastjóra, sem samþykktur er álitum okkar.

Fiskideild telur nauðsynlegt, að farinn verði leiðangur í sumar til leita að rækju. Könnuð verði svæði við vestur- norður- og austurland og til þess verði fenginn hentugur bátur og vanur rækjuskipstjóri auk starfsmanna fiskideildar, er stjórn leiðangrinum. Teljum við að sex vikur muni þurfa til slíkrar ferðar, og muni kostnaður við úthaldið og úrvinnslu gagna vart verða undir 300 þús. krónum.

Telur fiskideild nauðsyn á, að máli þessu verði gaumur gefinn þar sem telja má víst, að arðvænlega rækjuveiði megi stunda á allmörgum stöðum við strendur landsins."

Bréf þetta er birt hér í heild, þar eð það mun vera ein fyrsta umsögn fiskideildar (Hafrannsóknastofnunar) um rækjuleit á úthafinu við Ísland.

Fyrrgreind þingsályktunartillaga var síðan endanlega samþykkt á Alþingi hinn 1. júní 1960.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið fékk málið til úrlausnar, og fól fiskideild atvinnudeildar Háskólans (núverandi Hafrannsóknastofnun) framkvæmd leitarinnar í samráði við fiskimálastjóra með bréfi dagsettu hinn 22. júní, og er jafnframt beðið um kostnaðaráætlun. Fiskideild svarar með bréfi hinn 4. júlí og "telur heppilegast, að leitað verði á þeim stöðum, sem telja má líklegasta umhverfis landið, t.d. Jökuldjúp, Kolluál og Breiðafjörð og utanverðan Djúpál, fyrir Vesturlandi, Húnaflóa, Eyjafjörð í og fleiri fjörðum fyrir norðurlandi, Vopnafjarðardjúp og útkantar Glettinganesgrunns og ýmsir firðir fyrir austurlandi, svo að nokkuð sé nefnt".

Kostnaðaráætlun var þannig og var miðað við sex vikna úthald:


- a) leiga á 40 tonna bát með áhöfn og olíu.....kr. 195 þús.
- b) veiðarfærakostnaður (3 rækjuvörpur og varahlutir til þeirra).....kr. 30 þús.
- c) laun fiskiskipstjóra.....kr. 15 þús.
- d) laun leiðangurstjóra og aðstoðarmanna.....kr. 23 þús.
- e) fæðiskostnaður.....kr. 18 þús.
- f) annar kostnaður.....kr. 15 þús.

Samtals er þetta tæpar 300 þús. kr. og var talið lágmark.

1961

Þegar hér var komið sögu, þótti svo langt liðið á árið 1960 að ákveðið var að fresta framkvæmdum til næsta vors, enda lágu heppilegir bátar ekki á lausu á þeim tíma.

Til leitarinnar var fenginn m/b Ásbjörn ÍS-12, 44 rúmlesta 33 ára gamall bátur. Leiðangurstjóri var Ingvar Hallgrímsson, skipstjóri Sverrir Guðmundsson, aðstoðarmenn Guðmundur Sv. Jónsson (einnig skráður 2. vélstjóri) og Birgir Halldórsson, sem jafnframt var kokkur; allir frá fiskideild. Tveir menn, þaulvanir rækjuveiðum, voru ráðnir frá Ísafirði, Ólafur Sigurðsson skipstjóri á Ásdísi ÍS-130 og Ólafur Gunnarsson vélstjóri. Ólafur Sigurðsson var kunnur rækjumaður vestra og fann hann m.a. rækju í Ingólfsfirði á Ströndum á bát sínum þá um vorið.



2. mynd. Rækjuleit á m/b Ásbirni, ÍS-12, júlí - ágúst 1961.

Áður en leiðangurinn gæti hafist varð að ýmsu að hyggja. Báturinn hafði verið í talsverðri vanhírðu um hríð, stýrisbúnaður var í ólagi og varð að fá hann lagfærðan, engin togvinda var á bátnum, aðeins losunarvinda og varð að leiða víra með kastblökkum um allt þilfar, og aðalvél skipsins sem og talstöð voru í ólagi. Dýnur í kojum voru með myglublettum og illa farnar af raka, hnífapör meira og minna ryðguð og voru þau fægð með sandpappír. Dýnurnar bárum við hins vegar upp í sundhöllina á Ísafirði og

fengum þær þurrkaðar í kyndiklefa þar og úðuðum síðan með skordýraeitri. Allt tók þetta nokkra daga áður en hægt var að leggja af stað. Þessa er getið hér til að sýna þann aðbúnað, sem talinn var sæmandi á þeirri tíð. Loks var farið frá Ísafirði hinn 8. júlí og lauk leiðangrinum hinn 5. ágúst. Togað var alls á 87 stöðum, bæði innfjarða og á djúpslóð, aðallega norðanlands og austan. Á meðfylgjandi korti (2. mynd) má sjá þá staði, sem togað var á. Rækju varð víða vart eða á 56 stöðum, þ.e. 64 % athugunarstaðanna. Hins vegar var rækjuaflinn yfirleitt mjög lítil á athugunartímanum. Í frásögn af leiðangrinum er þess getið, að af úthafssvæðunum hafi Skagafjarðardjúp og Seyðisfjarðardjúp gefið bestu raun, hins vegar hafi togbotn verið slæmur í Seyðisfjarðardjúpi. Af innfjarðasvæðum var sámilegastur árangur á Axarfirði. Var mjög hvatt til þess, að slíkri leit verði haldið áfram, og var þess getið að í ráði væri að fara annan leiðangur um haustið til þess að kanna þau helstu svæði, sem útundan urðu í þessum leiðangri, en það var undan suðvestur- og vesturströndinni frá Reykjanesi að Rit (14, 28).


Í framhaldi af þessu var farinn annar leiðangur um haustið frá 23. sept.-5. okt. á m/b Fram AK-58. Leiðangurstjóri var Aðalsteinn Sigurðsson og aðstoðarmenn þeir Guðmundur Sv. Jónsson og Stefán Aðalsteinsson. Skipstjóri var Emil Pálsson. Leiðangursmenn voru mjög óheppnir með veður og urðu auk þess fyrir bilunum. Af úthafssvæðum gátu þeir aðeins athugað Jökuldjúp og Eldeyjarsvæðið, og þó lítillega vegna slæms veðurfars. Leitin í Jökuldjúpi veitti engar niðurstöður um rækju og á Eldeyjarbanka fannst lítil rækja, en hvorugt svæðið var hægt að kanna að ráði sökum veðurfars eins og fyrr er greint. Rækja fannst þó á 9 stöðum af 14, sem togað va á, eða í 64 % tilvika (15).-

1962

Í upphafi árs 1962 samdi Hafrannsóknastofnunin áætlun um rækjuleit á árinu, og var kostnaður við mánaðarúthald áætlaður kr. 222.400 (19). Var það reyndar í nokkru samræmi við það, sem fjárlög ársins gerðu síðar ráð fyrir, en samkvæmt fjárlögum fyrir 1962 voru veittar eftirfarandi fjárhæðir til rannsókna og fiskileitar á sjó:


Til haf- og fiskirannsókna.....	kr. 1.000.000
Til leitar.nýrra fiskimiða.....	kr. 2.760.000
Til tilrauna með nýjar síldveiðiaðferðir....	kr. 2.090.000
Til síldarleitar og fiskirannsókna.....	kr. 2.200.000
Til leitar rækjumiða.....	kr. 300.000

Samtals eru þetta kr. 8.350.000 og af því fé rann aðeins 3,6 % til rækjuleitar.



3. mynd. Rækjuleit á m/b Kristjáni, ÓF-26, mars 1962.

Á þessu ári voru farnir tveir leitarleiðangrar. Sá fyrri stóð frá 3.-11. mars á m/b Kristjáni ÓF 26 (síðar ÍS 125), en eigandi bátsins, Björgvin Bjarnason verksmiðjueigandi á Langeyri við Álftafjörð, léði bátinn endurgjaldslaust til allt að viku rækjuleitar. Leiðangurstjóri



4. mynd. Rækjuleit á m/b Svani, AK-101, maí-júní 1962.

var Aðalsteinn Sigurðsson og aðstoðarmaður Stefán Aðalsteinsson. Skipstjóri var Ágúst Snæbjörnsson. Aðallega var togað innfjarða norðvestanlands, í Jökulfjörðum og út af Vestfjörðum (3. mynd). Síðari leiðangurinn var farinn í maí og júní á m/b Svan AK 101 (4. mynd). Í þeim leiðangri var bæði togað innfjarða norðanlands og á úthafinu undan Norðurlandi og Vestfjörðum, án þess að ný mið fyndust (4. mynd). Leiðangurstjórar voru Aðalsteinn Sigurðsson og Ingvar Hallgrímsson (16).


Þess má geta hér, að m/b Kristján leitaði einnig á 9 stöðum við Eldey í ágúst á vegum verksmiðjunnar á Langeyri og varð aðeins var við vott af rækju á þrem stöðum.

1963

Öll sú rækjuleit, sem áður hafði fram farið á vegum fiskideildar, virtist ekki benda til mikillar rækjugengdar á úthafinu við Ísland og árangur minni en efni stóðu til. Af þeim sökum m.a. var ákveðið að nota hluta þeirrar fjárveitingar, sem nam 300 þús. kr., og veitt var til rækjuleitar árið 1963, til rannsókna á humri og til leitar nýrra humarmiða. Þó var farinn einn leiðangur til rækjuleitar suðvestanlands, á Eldeyjarbanka, Faxaflóa, Reykjanesgrunni og Miðnessjó, er stóð frá 16.-22. ágúst (5. mynd). Farið var á tveimur rækjubátum frá Ísafirði, m/b Ásdísi ÍS 130, skipstjóri Ólafur Sigurðsson, og Morgunstjörnunni ÍS 87, en skipstjórar þar voru Árni Magnússon og Hjalti M. Hjaltason, allir þrír þekktir rækjuveiðimenn úr Ísafjardardjúpi. Frá fiskideild voru tveir, Ingvar Hallgrímsson leiðangurstjóri og Guðmundur Sv. Jónsson. Alls var togað á 53 stöðum og var afli almennt rýr; aðeins á þremur stöðum fékkst rækjuafli yfir 50 kg á togtíma, mest 81 og 60 kg í Miðnessjó og 44 kg norðvestan Eldeyjar (17, 18).

1964

Á árinu 1964 voru veittar 300 þúsund krónur á fjárlögum til humar- og rækjuleitar. Á vegum fiskideildar voru farnir tveir leiðangrar fyrir þetta fé, sá fyrri til humarleitar og sá síðari til rækjuleitar. Auk þessa voru farnir tveir leiðangrar til leitar rækjumiða á vegum rækjuveiðimanna á Ísafirði. Að nokkru voru þessir leiðangrar styrktir af fiskideild.



5. mynd. Rækjuleit suðvestanlands í ágúst 1963, m/b Morgunstjarnan, ÍS-87 og m/b Ásdís, ÍS-130. Tölurnar sýna rækjuaflla á tog-tíma.

Í maí 1964 reit fiskimálastjóri bréf til Sjávarútvegsráðuneytisins og lagði þar til, að farinn væri rækjuleitarleiðangur til Norðurlandsmiða og nánar kannað afmarkaðra svæði en áður hafði verið gert. Var ráðuneytið og fiskideild þessu sammála, og auk þess var ákveðið að fara að haustlagi, enda hafði reynst erfitt að fá hentuga báta til leitar yfir hásumarið. Leiðangur þessi var því farinn 3.-21. september á m/b Mjöll RE 10. Skipstjóri var Emil

Pálsson, leiðangurstjóri Aðalsteinn Sigurðsson og aðstoðarmaður Guðmundur Sv. Jónsson. Stýrimaður var Hjörtur Bjarnason, kunnur rækjuveiðimaður frá Ísafirði. Að þessu sinni var leitarsvæðið takmarkað við Eyjafjörð, Eyjafjarðarál og Skagafjörð. Bestur árangur fékkst í innanverðum Eyjafjarðarál, eða 40-50 kg á togtíma af stórri rækju en á öðrum stöðum var árangur frekar rýr (11, 20).

1965

Á þessu ári féll öll rækjuleit niður af hálfu Hafrannsóknastofnunar (21), en stofnunin styrkti Jóhann Guðmundsson skipstjóra á Hólmavík til leitar víðsvegar um Húnaflóa í nóvember 1965 á bát sínum Guðmundi frá Bæ ST 55 og fann hann þá m.a. góð rækjumið í Hrútafirði. (Í yfirlitsgrein Unnar Skúladóttur frá 1968 (11) segir, að þetta hafi verið í nóvember 1964 en á að vera 1965).

1966

Á árinu 1966 voru farnir þrjár rækjuleitarleiðangrar á vegum Hafrannsóknastofnunar, og var sá fyrsti að hluta til á úthafinu. Sá leiðangur var farinn 26. febrúar til 20. mars á m/b Guðmundi frá Bæ ST 55. Skipstjóri var Jóhann Guðmundsson, leiðangurstjóri Unnur Skúladóttir og aðstoðarmaður Sigurður Gunnarsson. Leitað var m. a. í Húnaflóaál, utan Skaga, og fundust þar mið, sem gáfu af sér að jafnaði rúm 50 kg á togtíma. Hér var um stóra rækju að ræða, úthafs rækju, að jafnaði um 5,5 g að þyngd eða 180 stk. í kíló. Til samanburðar má geta þess, að í Hrútafirði var rækja þá að jafnaði um 2,5 g að þyngd eða 400 stk í kíló (11, 22).

Annar leiðangurinn var farinn 19. apríl-1. maí á m/b Jörundi Bjarnasyni BA 64, og var eingöngu leitað á Breiðafirði og innfjörðum hans. Meðalafli á togtíma í Kollafirði nam um 400 kg, undan Bæjarnesi 600 kg og um 100 kg í Kerlingarfirði, en rækjan var frekar smá. Var þetta mesti rækjuafli, sem fengist hafði við landið. Annars staðar var afli minni eða enginn. Taldi leiðangurstjóri, Gunnar Jónsson, að 1-2 bátar gætu stundað þarna veiðar. Með Gunnari voru þeir Guðmundur Sv. Jónsson og Gunnlaugur Hallgrímsson. Skipstjóri var Bjarni Jörundsson (23).

1967

Á árinu 1967 var farinn einn rækjuleitarleiðangur á vegum Hafrannsóknastofnunar dagana 17. apríl- 6. maí á v/b Jörundi Bjarnasyni II BA 64, skipstjóri Bjarni Jörundsson, og var leitað - aðallega innfjarða - frá Skagafirði til Axarfjarðar að báðum fjörðum meðtöldum. Einnig var nokkrum sinnum togað í innanverðum

Eyjafjarðarál, en afli var sáralítill, eða um 3 kg á togtíma (26). Leiðangurstjóri var Gunnar Jónsson og aðstoðarmenn Halldór Dagsson og Gunnlaugur Hallgrímsson.

Í september fékk Ægir Ólafsson, skipstjóri á Ísafirði leyfi til að leita rækju við suðvesturland á v/b Gullfaxa IS 594, og fékk hann í eitt skipti 69 kg af rækju á togtíma í Miðnessjó norðvestan Eldeyjar.

1968

Árið 1968 var leitað rækju á Austfjörðum frá 31. júlí-19. ágúst á v/b Þórveigu ÍS 222, frá Loðmundarfirði til Fáskrúðsfjarðar að báðum fjörðum meðtöldum. Sömuleiðis var reynt á nokkrum stöðum skammt utan fjarða, en afli var sáralítill sem enginn. Skipstjóri var Baldur Sigurbaldursson, þekktur rækjuveiðimaður, leiðangurstjóri Hrafnkell Eiríksson og honum til aðstoðar Björgvin Arngrímsson (27).

Í þessum leiðangri mun í fyrsta sinn hafa verið notuð önnur varpa til rækjuleitar en hin hefðbundna Ísafjarðarvarpa. Voru það tvær vörpur, er Baldur skipstjóri hafði sett upp sjálfur, báðar með 90 feta höfuðlínu en eilítið misjafnri möskvastærð. Önnur var með 29 mm möskvastærð í poka og 33 mm í væng, hin með 31,5 mm í poka og 35 mm í væng (36). Báðar voru vörpunar bobbingalausar (svonefnd fótrepistroll), enda þá algengar enn við innfjarðaveiðar.

Aður en þessi leiðangur var farinn hafði Baldur skipstjóri leitað rækju í maí og júní á bát sínum í utanverðum Breiðafirði, aðallega í Sandabrún, og fengið þar allmikinn afla (11).

Í framhaldi af þessu skal þess getið, að á þessu ári lét Hafrannsóknastofnun gera sérstaka tveggja poka fótrepisvörpu að franskri fyrirmynd, og hafði Guðni Þorsteinsson veg og vanda af því verki. Annar pokinn (þ. e. sá efri) var hugsaður fyrir rækju en hinn fyrir annan afla. Þann poka mátti hafa opinn, ef nauðsyn bar til, og var hugmyndin m. a. sú, að á þann veg mætti forðast óþarfa smáfiskadráp samfara rækjuveiðum. Varpa þessi, sem var fótrepistroll, var mun stærri en þær, sem bátarnir notuðu. Var hún reynd tvívegis árið 1968 á rannsóknaskipinu Hafþór, sem var 250 lesta skip. Í fyrsta skipti við Eldey hinn 24. nóvember en þar var kastað þrisvar. Einnig var hún reynd í Ísafjarðardjúpi dagana 13.-14. desember. Reynslan varð sú, að afli skiptist ekki að öllu leyti í pokana tvo eins og talið var að yrði, heldur leitaði smáfiskur (aðallega smáyssa) í efri pokann með mestallri rækjunni, en stæsta rækjan (allt að 30 % rækjunnar) lenti þó í neðri pokanum (34). Síðar tókst þó að ná um 90% rækjunnar í efri pokann (35).

Um miðjan ágúst fékk Ágúst Sigurjónsson leyfi til rækjuveiða austanlands á m/b Auðbjörgu NS-200. Árangur mun hafa verið lítill sem enginn.

1969

Á árinu var leitað rækju allvíða, bæði innfjarða sem á úthafi. Frá 12. júní og í júlí var leitað á v/b Ásdísi ÍS 130 við Norðurland og Austfirði, aðallega innfjarða. Þó var lítilsháttar reynt út af Vattarnesi, Brimnesi, Kollumúla, í Skagafjarðardjúpi, norður af Skallarífi, út af Dröngum og norður af Horni, en rækjuafli var lítill sem enginn. Hins vegar fékkst í leiðangri þessum góður rækjuafli á Reykjarfirði á Ströndum, allt að 430 kg á togtíma, og á Ingólfsfirði fengust um 400 kg á togtíma. Skipstjóri var Ólafur Sigurðsson, og frá Hafrannsóknastofnun Björgvin Arngrímsson (30, 31).

Í framhaldi af þessu hófust rækjuveiðar á fyrrgreindum svæðum. Einn þeirra báta, er þar stunduðu veiðar og flutti rækju frá öðrum bátum til Ísafjarðar, var v/b Andri BA 100, sem var á vegum Niðursuðu- og Hraðfrystihúss Langeyrar. Að loknum þessum innfjarðaveiðum um mánaðarmót ágúst-september 1969, leitaði báturinn rækju suður með Vestfjörðum og út af Jökli, en það bar nær engan árangur. Veitti Fiskimálasjóður styrk til leitar þessarar.



6. mynd. m/b Arnar, EA-101, við bryggju á Dalvík.
Ljósmynd: Heimir Kristinsson.

Frá 11. október til 14. nóvember var rækju leitað á Faxaflóasvæðinu og á Hafnaleir á m/b Hauki RE 64. Skipstjóri var Gísli Gunnarsson og frá Hafrannsóknastofnun þau Unnur Skúladóttir, Þorsteinn Jónsson og Björgvin Arngrímsson. Í leit þessari fannst mest rækja í Jökuldjúpi, allt að 62 kg á togtíma. Fjöldi rækju í kg reyndist þar frá 247-300 stk. (33).

Þegar um vorið 1969 var reyndar fyrirhugað að kanna ýmis svæði við Norðurland, meðal annars með fjárstyrk svonefndrar Norðurlandsáætlunar, en því var frestað að ráði heimamanna vegna mikilla ísalaga norðanlands þetta vor, en þá var hafís við strendur landsins með mesta móti (32). Leit þessi fór síðan fram í nóvember, og var hugmyndin m. a. að ganga úr skugga um hæfni og möguleika lítilla báta til rækjuveiða nyrðra að vetrarlagi. Til leitar fóru bátarnir Týr SK 33, 38 lesta bátur, skipstjóri Jón Jósafatsson, og Arnar EA 101, 26 lesta bátur (6. mynd), skipstjóri Snorri Snorrason. Aðallega mun hafa verið leitað innfjarða frá Húnaflóa til Axarfjarðar, að báðum svæðum meðtöldum, en árangur mun hafa verið rýr. Þrátt fyrir það hélt Snorri skipstjóri leit og veiðum áfram til áramóta, en árangur varð sáralítill enda gæftir mjög slæmar.

Hvað snertir rækjuleit á úthafinu hafði fram til þessa tíma að mestu verið notast við þá báta, er ella stunduðu rækjuveiðar innfjarða - og áður hefur komið fram - með þeim veiðarfærum, sem þeir notuðu þar. Nú þótti orðið sýnt, að bátar þessir væru of litlir og veiðarfærin miður hentug á djúpu vatni, t. d. var togvíralengd þeirra of lítil. Grálúðuveiðar norðanlands og austan þóttu einnig benda til þess, að rækju væri að finna á dýpra vatni en áður hafði verið reynt. Snemma árs 1969 kom því til tals að hefja rækjuleit á rannsóknaskipunum, og varð r/s Hafþór RE 75 fyrir valinu. Þá þurfti jafnframt hentugt veiðarfæri, enda var hér um stærra skip að ræða en áður hafði verið gert út til rækjuleitar. Kom þá í fyrsta sinn fyrrgreind tveggja poka varpa Guðna Þorsteinssonar til nota við leit á úthafinu (35), en áður hafði hún verið reynd við Eldey.

Í nóvember og desember 1969 (9. nóv.-20. des.) fór r/s Hafþór í almennan fiskirannsóknaleiðangur umhverfis landið. Ein vika af þessum tíma (2.-9. desember) var nýtt til rækjuleitar fyrir Norðurlandi undir stjórn Guðna Þorsteinssonar. Aðrir leiðangursmenn voru Jón Jónsson, sem var leiðangurstjóri fiskirannsóknaleiðangursins, Sigurður Gunnarsson, Stefán Aðalsteinsson, Halldór Dagsson og Gunnlaugur Hallgrímsson. Þar eð bátarnir Arnar og Týr höfðu þá nýlokið könnun á grunnslóð nyrðra, eins og fyrr getur, var ákveðið að leita á dýpra vatni, enda bæði skip og veiðarfæri stærrri í sniðum en fyrr. Alls var togað 20 sinnum, aðallega á þremur svæðum: í Skjálfandadjúpi austan Grímseyjar, í Eyjafjarðarál og NV af Kolbeinsey (35). Rækja fannst í 14 togum, eða í 70 % toganna, rækja yfir 50 kg á togtíma fannst í 11

togum (55 % toganna), og mestur afli reyndist 230 kg á togtíma. Meðalveiði á togtíma í öllum leiðangrinum reyndist um 74 kg, en um 98 kg í þeim togum þar sem rækja fannst á annað borð. Var þetta langbesti árangur af rækjuleit á úthafinu fram til þessa. Tvö mið, sem síðar hafa reynst mjög fengsæl, fundust í leiðangrinum: svæðið vestur af Kolbeinsey og austan Grímseyjar. Í leiðangri þessum kom einnig í ljós, að stóra varpan (buxnavarpan) var miklum mun fengsælli en venjuleg 90 feta rækjuvarpa (30).


Um mitt ár fékk Ægir Ólafsson skipstjóri leyfi til að leita að rækju á úthafinu fyrir vestan land á bát sínum Gullfaxa ÍS 594. Ekki varð þó úr leit þessari eins og til stóð, en báturinn togaði nokkrum sinnum í Miðnessjó, sennilegast síðast í ágúst, án teljandi árangurs.

1970

Vegna hins góða árangurs, sem varð af leit r/s Hafþórs á árinu 1969, var ákveðið að kanna norðurlandsmið nánar á árinu 1970, enda höfðu ýmsir sjómenn nyrðra sýnt málinu mikinn áhuga. Því var r/s Hafþór enn á ný sendur til leitar á djúpmiðum norðanlands og austan. Leiðangur þessi stóð frá 5. febrúar til 1. mars, en frá 22. febrúar var leitað við Austurland (35). Notuð var sama buxnavarpa og árið áður. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og með honum voru frá Hafrannsóknastofnun þeir Þorsteinn Jónsson, Guðmundur Skúli Bragason og Gunnar Hilmarsson. Skipstjóri var Gunnar Pálsson. Norðanlands var togað í Skagafirði og Skagafjarðardjúpi, Eyjafjarðarál, Skjálfandadjúpi, Axarfirði og Axafjarðardjúpi, alls 23 sinnum (7. mynd). Rækja fannst í 15 togum, eða í 45 % toganna, rækja yfir 50 kg á togtíma fannst í 10 togum, eða 30 % toganna. Mestur varð afli í Skjálfandadjúpi, 220 kg á togtíma. Meðalafli í öllum togunum norðanlands varð 42 kg á togtíma, en meðalafli reyndist 51 kg í þeim togum þar sem rækja fannst. Ekki var hægt að komast norður að Kolbeinsey vegna veðurs, en leiðangurinn staðfesti enn frekar, að rækjumið var að finna í Skjálfandadjúpi, austan Grímseyjar, eins og leiðangur r/s Hafþórs í desember 1969 hafði greinilega bent til. Austanlands var togað 12 sinnum, aðallega innfjarða, frá Seyðisfirði að Berufjarðarál - að báðum svæðum meðtöldum - en án árangurs.

Næsta leit á úthafsmiðunum nyrðra 1970 stóð frá 23. júlí - 29. júlí á r/s Hafþór.(37). Guðni Þorsteinsson var leiðangurstjóri sem fyrr, aðrir leiðangursmenn frá Hafrannsóknastofnun voru þeir Einar Jónsson, Guðmundur Skúli Bragason, Stefán Aðalsteinsson og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Gunnar Pálsson. Togað var á Strandagrunni, í Húnaflóaál, við Grímsey, í Skjálfandadjúpi og Axafjarðardjúpi, alls 22 sinnum. Afli var yfirleitt sáralítill, eða um 19 kg á togtíma að jafnaði, en rækju varð hins vegar vart í 20 togum eða í 91 % toganna. Aðeins í tveimur togum reyndist

rækjuafli yfir 50 kg á togtíma og var það í Álkanti eystri, austan Grímseyjar. Við leit þessa var notuð buxnavarpan, sem fyrr er greint frá.



7. mynd. Rækjuleit r/s Hafþórs, RE-75, norðan- og norðaustanlands í febrúar 1970. Togað var 33 sinnum á 22 stöðum.

Á ný var leitað fyrir norðan á r/s Hafþór og þá á öllu víðáttumeira svæði, dagana 8.- 16. ágúst. Leiðangurstjóri og skipstjóri voru þeir sömu sem fyrr, en að auki voru Sigurður Gunnarsson og Gunnar Hilmarsson frá Hafrannsóknastofnun. Alls var togað í 21 skipti í Seyðisfirði, Héraðsflóadjúpi, Pistilfjarðardjúpi, norður af Sléttugrunni, Skjálfandadjúpi, vestur af Kolbeinsey, Húnaflóaál, Búrfellsrennu, Birgisvíkurpolli, Hrútafjarðarál og yst í Ísafjarðardjúpi (á Eldingum og Kleif). Að mestu var buxnavarpan notuð sem fyrr, en jafnframt endurbætt útgáfa af innfjarðarvörpu á grunnslóð. Rækju varð vart í 14 togum eða 67 % toganna, afli á togtíma reyndist að meðaltali aðeins tæp 15 kg og aðeins í tveimur togum varð rækjuafli á togtíma yfir 50 kg. og var það í Hrútafjarðarál. Á Álkanti eystri, austan Grímseyjar, reyndist afli að þessu sinni tregur. Sömuleiðis reyndist buxnavarpan verr en fyrr, þar eð hún sökk nú mjög í botneðjuna (37).

Í þriðja sinn er svo leitað rækju þetta ár á úthafsmiðum dagana 21. október - 11. nóvember á r/s Hafþór. Hinn 1.- 3. október var skipið reyndar við aðrar rannsóknir austanlands. Skipstjóri og leiðangurstjóri voru þeir sömu sem fyrr, og aðrir frá Hafrannsóknastofnun Björgvin Arngrímsson, Gunnlaugur Hallgrímsson og Sigurður Árnason.

Alls var togað 51 sinni í þessum leiðangri; við Grímsey (26 sinnum), á Skjálfanda og í Axarfirði. Í togunum við Grímsey fengust að jafnaði um 110 kg á togtíma og var fjöldi rækju í kg 214-378 stk. Í öllum togum austan Grímseyjar (þ. e. á Álkanti eystri og í Skjálfandadjúpi) fékkst yfirleitt góður rækjuafli, allt að 300 kg á togtíma. Tvennt var talið áberandi í leiðangrinum: rækjuaflinn fór mjög minnkandi er leið á leiðangurinn, og reyndist hann um helmingi minni á nóttu en degi. Á öðrum svæðum var afli lítill sem enginn, m. a. á þeim stöðum í Axarfirði þar sem síðar fannst mikil rækja. Við leit þessa voru notaðir aðrir hlerar en áður og léttari varpa en fyrr, og sökk þessi veiðibúnaður síður í botnleðju en buxnavarpan (37).

Við Suðvesturland var leitað rækju tvívegis á árinu. Fyrri leiðangurinn var farinn á r/s Hafþór dagana 3.- 15. apríl. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og með honum þeir Hrafnkell Eiríksson, Guðmundur Skúli Bragason, Sigurður Árnason og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Gunnar Pálsson. Togað var alls 54 sinnum, bæði á innfjarðasvæðum í Faxaflóa og Breiðafirði, sem og utar: í Kolluál, Hafnasjó, við Eldey og á Eldeyjarbanka, í Skerjadjúpi, út af Selvogi og í Grindavíkursjó. Hér var notuð tveggja poka varpa sem fyrr. Mjög mikil fiskgengd var á öllum svæðum á þessum tíma, aðallega smáýsa. Má sem dæmi nefna, að við Eldey, þar sem togað var fimm sinnum, var meðalafli rækju á togtíma um 57 kg, en meðalafli fisks á togtíma var þar hins vegar um 442 kg. Í öllum leiðangrinum reyndist rækjuafli á togtíma aðeins um 8 kg. - Rækju varð alls vart í 32 togum, eða í 59 % toganna, og í þeim reyndist meðalaflinn vera um 14 kg.

Einkennandi var, hve fiskur - aðallega þorskur og karfi - var útroðinn af rækju, og telur leiðangurstjórinn þá skýringu helsta, að loðna hafi ekki gengið þennan vetur vestur með suðurströndinni og því hafi ásókn fisks í rækju orðið meiri en ella. Auk þorsks og karfa var mergð smáýsu mjög mikil (37).

Á skrá þeirri um rannsóknaleiðangra Hafrannsóknastofnunar á árinu 1970, sem eru í ritinu Hafrannsóknir 1970, má skilja, að í þeim leiðangri r/s Hafþórs, er stóð frá 18. apríl til 9. maí, hafi m. a. verið stundaðar rækjurannsóknir. Þetta mun ekki vera rétt. Samkvæmt leiðangurskýrslu Gunnars Jónssonar, sem var leiðangurstjóri, hafði Guðni Þorsteinsson hins vegar með höndum veiðafæratilraunir með tveggja poka vörpu í Ísafjarrdardjúpi

dagana 25.- 27. apríl, en að öðru leyti var skipið við steinbítsporsks- og ýsurannsóknir (38).

Dagana 4.-17. júlí var r/s Hafþór við rækju- og humarleit, og var leitað frá Eldeyjarbanka, á djúpköntum og í djúpum út af suður- og suðausturströndinni, allt til Berufjarðaráls. Var þetta í fyrsta sinn, sem leitað var rækju á djúpmiðum suðaustanlands. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson en aðrir leiðangursmenn voru Björgvin Arngrímsson, Guðmundur Skúli Bragason, Þórdís Ólafsdóttir og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Kristján Sigurjónsson. Notuð var tveggja poka varpa eins og í fyrri leiðöngrum r/s Hafþórs. Togað var alls 36 sinnum með vörpu þessari, en fjórum sinnum með venjulegri humarvörpu. Í þessum 36 togum fannst rækja í 25 togum eða í 69 % toganna, og meðalafli rækju í þeim reyndist aðeins rúm 6 kg. Aðeins í tveim togum í Miðnessjó varð rækjuafli yfir 50 kg á togtíma, annars var aðeins um rækjuvott að ræða. Hér kom í ljós, gagnstætt því sem var á rækjumiðum nyrðra, að rækja kom frekast í neðri pokann, og var svo einnig í aprilleiðangri skipsins (37).

Í byrjun febrúar fékk Sigurður Sörensson leyfi til rækjuveiða við Norðurland, að undanskildum Húnaflóa, á m/b Glað ÞH 150. Ókunnugt er um árangur.

Í grein sinni frá 1970 (18) bentu þau Unnur Skúladóttir og Hrafnkell Eiríksson á, að sú veiði, sem fékkst í rækjuleiðangri Hafrannsóknastofnunar á Eldeyjarmíðum árið 1963, gæfi til kynna, að þar gæti verið um fengsæl mið að ræða, þar eð sú rækjuvarpa, sem bátar notuðu nú almennt, væri rösklega tvöfalt veiðnari en sú sem áður fyrr var notuð. Var því kominn hugur í nokkra menn um nýtingu þessa svæðis, þar á meðal Jóhannes Arason niðursuðufræðing, sem mun á þessum tíma mun hafa haft aðgang að verksmiðju á Suðurnesjum. Á hans vegum var m/b Þórveig ÍS 222 við rækjuleit á Eldeyjarsvæðinu, í Jökuldjúpi og Kolluál í janúar og febrúar 1970. Skipstjóri var Baldur Sigurbaldursson. Að sögn hans reyndist afli ekki nægjanlegur, en þó minnst hann þess, að eitt sinn hafi fengist um 100 kg af rækju í togi. Hinn 5. maí 1970 mun m/b Sædís RE 63 hafa byrjað veiðar við Eldey á vegum Hafna h/f og var notuð buxnavarpa, sem reyndist illa, og hætti báturinn fljótleg (39). Skipstjóri var Haukur Sigurðsson. Var þetta á sama tíma og r/s Hafþór var á svæðinu. Einnig mun m/b Ásgeir Kristján ÍS 102 hafa verið við leit í júlí og ágúst á vegum Niðursuðu- og Hraðfrystihúss Langeyrar. Var leitað allt frá Jökuldjúpi og austur að Skeiðarárós, og þar á meðal við Eldey. Að sögn Baldurs Sigurbaldurssonar, sem var skipstjóri, mun afli vart hafa talist nægjanlegur til útgerðar, en þó telur hann, að alls muni hafa aflast um 50 tonn af rækju í leiðangrinum.

Sumarið 1970 hófu nokkrir bátar, aðallega af Suðurnesjum, veiðar á Eldeyjarsvæðinu, og glæddist mjög veiði, er leið að hausti. Einnig tóku nokkrir aðkomubátar þátt í veiðunum, m.a. v/b Hinrik ÍS 26, sem notaði stóra ísfirska vörpu, og aflaði fljótlega mjög vel. Skipstjóri var Þórir Hinriksson. Telur Unnur Skúladóttir, að góður árangur v/b Hinriks hafi orðið þess hvetjandi, að aðrir hófu þarna veiðar (39). Fjöldi báta óx því mjög, er leið á árið, og varð mestur í desember, er 14 bátar stunduðu veiðar á svæðinu. Ársaflinn varð um 255 tonn, meðalafli á tog tíma reyndist um 168 kg og var rækjan mjög stór, eða að jafnaði um 189 stk. í kg.

Fljótlega kom í ljós við veiðarnar þetta sumar, að seiði og smáfiskur, aðallega smáýsa, ásamt humri, veiddist í miklum mæli í rækjuvörpunar og var það talsvert vandamál. Í rækjuleiðangri á m/b Fram AK 85, sem stóð yfir frá 30. nóvember til 20. desember, var m.a. gagngert togað á rækjumiðunum í Miðnessjó til að athuga mergð smáýsu í rækjuaflanum (37). Leiðangurstjórar á Fram voru þeir Hrafnkell Eiríksson og Guðmundur Skúli Bragason og var Þorsteinn Jónsson þeim til aðstoðar. Skipstjóri var Sigurður Hjálmarsson. Í leiðangrinum var togað á Selvogsleir, Eldeyjarsvæðinu, Miðnessjó, Jökuldjúpi, Kolluál og í Breiðafirði í Bjarneyjarrál og Höskuldseyjarál. Veður hamlaði mjög öllum athugunum, en togað var alls í 23 skipti. Rækju varð vart í öllum togum nema einu og reyndist meðalafli á togtíma um 40 kg. Í sex togum, eða 26 % toganna, sem öll voru sunnan Snæfellsness, reyndist meðalafli yfir 50 kg á togtíma. Mestur afli var á veiðisvæðunum norðan Eldeyjar, eða 33-160 kg á togtíma, og að jafnaði rösk 100 kg, sem var svipaður afli og rækjubátarnir fengu á þessum tíma. Í Jökuldjúpi var afli að jafnaði um 47 kg á togtíma, en annars staðar mun minni.

Svokallaður aukaafli var talsverður í leiðangrinum, aðallega á veiðisvæðunum við Eldey - eins og vitað var - en jafnframt í Breiðafirði. Af nytjafiskum reyndist nær eingöngu um ýsu á fyrsta og öðru ári að ræða. Á Eldeyjarmiðum var mergð smáýsu frá um 200-1000 stk. á togtíma, en að jafnaði um 500 stk. Einnig var talsvert um smáýsu í Breiðafirði, eða að meðaltali um 280 stk. á togtíma. Sömuleiðis var áberandi, að á Eldeyjarsvæðinu veiddist talsvert af smáhumri í rækjuvörpuna. Í leiðangrinum voru notaðar tvær 90 og 130 feta eins poka fótrepisvörpur sömu gerðar og þær, sem almennt voru þá í notkun (40).

Eins og áður hefur verið minnst á, var Snorri Snorrason skipstjóri á Dalvík við rækjuleit norðanlands á bát sínum, Arnari EA 101, haustið 1969. Hélt hann áfram veiðum á eigin vegum fram í mars 1970. Í blaðinu Verkamanninum á Akureyri er skýrt frá því hinn 27. febrúar 1970, að þrátt fyrir stirðar gæftir hafi báturinn þó aflað um 500 kg af rækju frá áramótum, og hafi mestur hluti aflans

fengist við Grímsey (41). Notast sé við tveggja poka vörpu af svipaðri gerð og þeirri, sem r/s Hafþór notaði.

1971

Eins og fyrr hefur verið getið, var smáfiskur í rækjuafli talsvert vandamál við rækjuveiðar á Eldeyjarsvæðinu. Í upphafi árs 1971 var því farinn leiðangur á það svæði á r/s Hafþór RE 75 og togað þar dagana 15.-17. janúar. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og honum til aðstoðar voru þeir Guðmundur Skúli Bragason og Sigurður Árnason. Skipstjóri var Gunnar Pálsson. Togað var alls 9 sinnum og veiddist rækja í öllum togum. Rækjuafli var frá 7-215 kg á togtíma, að jafnaði 116 kg. Aðeins í einu togi reyndist rækjuafli vera undir 50 kg á togtíma. Rækjan var stór, eða um 170-258 stk. í kg. Aukaafli var mestmegnis smáýsa, og var fjöldi ýsu á togtíma 8-173 stk., að meðaltali 72 stk.(42).

Dagana 31. janúar-22. febrúar var r/s Hafþór við rækjuleit, aðallega austanlands bæði utan og innan fjarða. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og með honum voru frá Hafrannsókn þeir Guðmundur Skúli Bragason, Sigurður Árnason og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Gunnar Pálsson. Fyrsta daginn var togað tvisvar á Eldeyjarbanka. Nú var rækju- og ýsuafllinn orðinn talsvert meiri en var um miðjan mánuðinn, eða að jafnaði 425 kg af rækju og 735 ýsur á togtíma. Rækjan var sem fyrr stór, eða um 225 stk. í kg að meðaltali (43).

Næst fór Þorsteinn Jónsson rannsóknamaður á Eldeyjarmið á rækjubátinum Ólafi KE 49 og var með honum einn dag, 10. mars. Skipstjóri var Einar Hannesson. Togað var þrisvar sinnum. Meðalafli rækju á togtíma var 328 kg. en meðalýsuafli var 1994 stk á togtíma. Lengd ýsunnar var að jafnaði 16,45 cm. (55). Þremur dögum síðar togaði r/s Hafþór tvisar á Eldeyjarmiðum. Í fyrra toginu var rækjuafli 630 kg á togtíma og ýsuafli 428 stk og reyndist 94 % hennar undir 30 cm að lengd. Í síðara toginu var rækjuafli 760 kg, fjöldi ýsu var 2268 stk á togtíma, þar af var 95% undir 30 cm lengd.

Í bréfi til Sjávarútvegsráðuneytisins hinn 12. mars telur forstjóri Hafrannsóknastofnunar, að komið hafi í ljós, að svo mikill ýsuafli sé á svæðinu að því beri að loka. Farið var fram á veiðileyfi fyrir m/b Snarfara KÓ 17, og togaði hann á Eldeyjarmiðum á vegum stofnunarinnar hinn 19. mars. Fjöldi smáýsu reyndist mjög mikill, yfir 3000 stk. á togtíma þegar mest var, en að jafnaði veiddust 243 kg af rækju á togtíma og um 2400 smáýsur. Næsta dag togaði r/s Hafþór á sömu slóðum. Afli smáýsu reyndist mun minni, mest rúmlega 800 fiskar á togtíma, að meðaltali 613 smáýsur, og rösklega 480 kg af rækju. Sá Guðni Þorsteinsson um þessar athuganir.

Í bréfi til Sjávarútvegsráðuneytisins frá 5. apríl 1971 getur Hafrannsóknastofnunin þess, að nánari athugun þyrfti að fara fram á smáfiskveiði á rækjumiðum við Eldey, reyna þyrfti nýjar rækjuvörpur til athugana á, hvort skilja mætti að rækju og smáfisk, og leigja þyrfti bát til þessara tilrauna. Féllst ráðuneytið á slíka könnun og tókust samningar á milli stofnunarinnar og eigenda bátsins Snarfara KÓ 17 um leigu á bátnum á tímabilinu 13.- 30. apríl og var bátsleigan 360 þús. kr. Fjárhagur stofnunarinnar var þá slíkur, að hún gat ekki lagt fram nema 300 þús. kr. og mun ráðuneytið hafa hlaupið undir bagga. Sömuleiðis fékkst veiðileyfi fyrir m/b Snorra KE 131, og var veiði hans höfð til samanburðar við veiði- og vörputilraunir á m/b Snarfara. Næst var farið á Eldeyjarmið á r/s Hafþór og togað þar sjö sinnum dagana 13. og 14. maí. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og með honum frá Hafrannsókn þeir Guðmundur Skúli Bragason og Þorsteinn Jónsson. Var hér um að ræða samanburðartilraunir með tvær gerðir rækjuvarpa, annars vegar 130 feta vörpu með bobbingum, og hins vegar svokallaða fiskifælu, sem var 70 feta rækjuvarpa bobbingalaus. Var sú varpa gerð í tilraunaskini til að reyna að minnka óhóflegt smáfiskadráp á svæðinu samfara rækjuveiðunum. Í fyrrgreindu vörpuna veiddust að jafnaði 223 kg af rækju á togtíma, en í þá síðarnefndu (fiskifæluna) 88 kg á togtíma.

Aftur var farið á Eldeyjarmið og togað þar dagana 2.- 11. júní. Togað var fyrst einn dag í fimm skipti í Jökuldjúpi án árangurs en síðan á Eldeyjarmiðum til 11. júní. Þar var togað 37 sinnum og varð rækjuafli samtals 8560 kg eða um 232 kg í togi.

Frá 12.-16. júní var skipið við humar- og fiskathuganir undan suður- og suðausturströndinni, en hinn 18. júní var farið í leiðangur á "leynislóð" til humarathugana. Forsaga þess máls var sú, að Gísli Bjarnason, fyrrverandi skipstjóri á Patreksfirði, og þáverandi þingvörður, hafði komið að máli við sjávarútvegsráðherra og síðar við Hafrannsóknastofnun, þar eð hann taldi sig vita um humarslóð á ótilteknum stað út af Vestfjörðum, sem hann fékkst þó ekki til að gefa upp. Þrátt fyrir það var ákveðið, aðallega að áeggjan sjávarútvegsráðherra, að Gísli færi með þeim Hafþórsmönnum til endurfunda þessara miða. Í dagbók leiðangurstjóra segir, að er farið var frá Reykjavík hinn 18. júní 1971 um kvöldið hafi verið tekin stefna á þá "leynislóð", sem "Gísli Bjarnason fyrrverandi skipstjóri ætlar að vísa okkur á." Kom þá í ljós, að þetta "reyndist vera Dohrnbanki. Þrátt fyrir litla trú á humri á þeim slóðum var haldið ótrautt áfram" skrifar leiðangurstjóri í dagbók sína. Næsta dag var komið að samfelldri ísbrún í Grænlandssundi og varð ekki komist á Dohrnbanka. Þá var snúið við, togað með humarvörpu við Jökul og suður fyrir Eldey, og lauk leiðangrinum hinn 26. júní.- Lítil vafi mun leika á því, þótt ekki verði það sannað, að Gísli Bjarnason hafi vitað um hina stórvöxnu rækju á Dohrnbanka, sem síðar fannst, þótt

hann hafi nefnt hana humar, enda mun stærri en öll sú rækja, sem hann hefur örugglega þekkt frá rækjuveiðum í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Ef ís hefði ekki hindrað för þeirra Hafþórsmanna á Dohrnbanka í þetta sinn, má jafnvel hugsa sér, að rækjumiðin þar hefðu fundist þá en ekki sjö árum síðar. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og honum til aðstoðar Sigurður Árnason, Þorsteinn Jónsson og Atli Magnússon. Skipstjóri var Valgarður Þorkelsson. (43).

Hinn 16. júlí var togað fjórum sinnum á Eldeyjarmiðum á m/b Hring GK 18 til athugana á smáfiski í rækjuafli, og sá Sólmundur Einarsson um þá könnun. Smáfiskur reyndist nær enginn, alls fengust um 15 ýsur á bilinu 5-36 cm og jafnmargir smákarfar, en talsvert var af humri. Rækjuafli var samtals rösklega 1500 kg á 9 togtímum, eða um 154 kg á togtíma.

Í leiðangri r/s Hafþórs umhverfis land 1971 var togað fimm sinnum á Eldeyjarmiðum dagana 22. og 23. ágúst. Rækjuafli var sáralítill, um 60-70 kg samtals. Sem dæmi um samsetningu ýsuaflans má nefna, að 32% ýsunnar var frá vorinu 1971, 54% var rúmlega ársgömul ýsa og tveggja ára ýsa var aðeins 14%. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson.

Frá því um vorið 1971 hafði Hafrannsóknastofnun nokkrum sinnum lagt til, að rækjuveiðar við Eldey væru stöðvaðar vegna smáýsuveiðanna, en á það var ekki fallist, m.a. vegna mikillar fjárfestingar í vinnslustöðvum á Suðurnesjum. Hins vegar var reynd sú leið, að nota aðrar vörpugerðir, er síður veiddu smáfisk. Um tíma var tekin upp sérstök varpa, en hætt við hana skömmu síðar. Í september var mjög unnið við að telja undirmálsfisk í rækjubátum, en honum fjölgaði mjög er leið að hausti. Frá 7.-30. október var m/b Glaður KE 67 leigður til veiðitilrauna með ýmsar gerðir rækjuvarpa, svokallaðar "fiskafætur", og var afli m/b Sæþórs KE 70 hafður til samanburðar, en sá bátur veiddi með venjulegri vörpu.

Um miðjan október var ýsumergödin orðin slík, að talið var að hver rækjubátur veiddi um 4-14 þúsund ýsur á fyrsta aldursári á dag, og lagði Hafrannsóknastofnunin til, að rækjuveiðisvæðinu yrði lokað frá 20. október. Tilraunirnar með "fiskafætur" höfðu sýnt, að þótt draga mætti úr drápi smáfisks, var það ekki í slíkum mæli, að stofnunin teldi áframhaldandi veiðar réttlætanlegar. Var því miðunum lokað fyrrgreindan dag. Ekki stóð sú lokun lengi, því að hinn 28. október lagði Hafrannsóknastofnun til, að hluti svæðisins væri opnaður og að þar leyft að veiða með vissum skilyrðum. Frá 2.-9. nóvember gaf Sjávarútvegsráðuneytið því út rækjuveiðileyfi til 36 báta, og var það bundið því skilyrði, að veitt væri á dýpra vatni en 80 föðmum.

Frá 6.-25. nóvember var r/s Hafþór við síldar- og rækjuleit suðvestanlands frá Selvogsgrunni að Kolluál. Var togað eftir rækju að degi til en farið í síldarleit að næturlagi. Þeir Jakob Jakobsson og

Hjálmar Vilhjálmsson sáu um síldarleitina, en Guðmundur Skúli Bragason og Atli Magnússon um rækjuleitina. Skipstjóri var Valgarður Þorkelsson. Togað var á 15 stöðum í Jökuldjúpi og var rækjuafli að jafnaði um 126 kg á klukkustund. Mestur varð rækjuafllinn þar um 880 kg í 90 mínútna togi, eða um 587 kg/klst. Lítið var um smáfisk. Annars staðar var afli mun minni, m.a. á Eldeyjarmiðum.

Dagana 9.- 18. desember kannaði r/s Hafþór fiskgengd á miðum rækjubáta við Snæfellsnes og á Eldeyjarmiðum. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og honum til aðstoðar Sigurður Árnason. Skipstjóri var Valgarður Þorkelsson. Togað var sjö sinnum við Eldey, og veiddist mest um 100 kg af rækju á klst. en að jafnaði um 37 kg. Smáýsa reyndist að meðaltali um 870 stk/klst (43).

Með þessum leiðangri lauk athugunum við Eldey árið 1971, en svæðið reyndist erfitt vegna fiskmergðar, sem hamlaði rækjuveiðum mjög eins og hér hefur komið fram.

Þrátt fyrir þá miklu vinnu sem fólgst í athugunum við Eldey á árinu 1971, var einnig sinnt rækjuleit á öðrum svæðum.

Frá 31. janúar-22. febrúar var r/s Hafþór við rækjuleit austanlands, aðallega innfjarða, og fundust þá m.a. rækjumið á Berufirði. Lítilsháttar var togað rétt utan fjarða en árangur varð svo til enginn. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og ásamt honum voru Guðm. Skúli Bragason, Sigurður Árnason og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Gunnar Pálsson.

Dagana 13. maí-26. maí var sama skip við rækjuleit og rannsóknir við vestanvert landið, aðallega þó í Djúpál. Á allstóru svæði utarlega í Álnum var talsvert af rækju, mest um 320 kg á togtíma, en að jafnaði um 173 kg. Alls var togað í 14 skipti í Álnum. Hér var um stóra rækju að ræða, að meðaltali um 213 stk. í kg. Einnig var leitað í Hafnarál, en afli var þar enginn. Í Jökuldjúpi fannst góður vottur af rækju, allt upp í 100 kg á togtíma, en þar var hún mjög smá. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og honum til aðstoðar þeir Guðm. Skúli Bragason og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Valgarður Þorkelsson (56).

Í vorleiðangri r/s Bjarna Sæmundssonar 1971 var togað fyrir rækju á nokkrum stöðum um mánaðarmótin maí-júní. Á Rífsbanka var togað tvisvar, án teljandi árangurs, í Eyjafjarðarál vestan Kolbeinseyjar var togað þrisvar hinn 31. maí á 500-600 m dýpi. Afli varð mestur um 70 kg af rækju á togtíma og svipað af grálúðu. Einnig var borin niður varpa í Húnaflóaál, Reykjafjarðarál og Þverál án árangurs. Leiðangurstjóri var Ingvar Hallgrímsson og skipstjóri Sæmundur Auðunsson (57).

Síðari hluti af leiðangri r/s Hafþórs umhverfis land í júlí og ágúst, þ.e. dagarnir 12.-16. ágúst, voru notaðir til rækjuathugana við Grímsey og Kolbeinsey. Togað var fjórum sinnum austan

Grímseyjar, og reyndist afli frá nokkrum kg og upp í 200 kg. á togtíma. Meðalafli var 148 kg/togtíma og fjöldi rækju í kg var frá 180-220 stk. Tvisvar var togað við Kolbeinsey, í fyrra sinnið var rækjuafli um 230 kg á togtíma, en í hið síðara rifnaði varpan illa. Hér reyndist rækja öllu stærri, 180 stk/kg í báðum togum. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson (43).

Í september var r/s Bjarni Sæmundsson við steinbíts- og mengunarrannsóknir við Vestfirði og Vesturland, en frá 9.-14. september var togað með rækjuvörpu í Djúpál og rækja merkt úr afla. Var það í fyrsta sinn sem rækja var merkt á djúpslóð hér við land, þótt merkingar hefðu hins vegar verið reyndar áður (58). Af leiðangursskýrslu má ætla, að afli hafi verið þokkalegur, a.m.k. er getið um eitt tog þar sem rækjuafli var 500-600 kg á togtíma. Merktar voru 5000 rækjur í Djúpál með stálvírsmarkjum. Endurheimtur urðu engar. Leiðangurstjóri var Gunnar Jónsson en Guðm. Skúli Bragason sá um merkingarnar. Skipstjóri var Sæmundur Auðunsson (59).

1972

Eins og fyrr hefur verið getið, var rækjumiðunum við Eldey lokað meira og minna frá hausti 1971, en þau voru opnuð á ný í maí 1972 og höfðu þá verið samfelld lokuð í röska 6 mánuði. Strax í upphafi árs 1972 fór Hafrannsóknastofnun að hyggja að smáfiskamergð við Eldey með tilliti til rækjuveiða þar. Hinn 12. janúar var farið í róður á bannsvæðið á m/b Þyt KE 44. Togað var tvisvar og var meðalafli á togtíma um 223 kg af rækju og 2070 smáýsur. Um 96% ýsunnar var á 1. ári og um 4% á 2. ári. Hinn 27. janúar var enn róíð með tveim bátum, m/b Baldri KE 97 og m/b Glað KE 67, en vegna veðurs gat hvor bátur aðeins togað einu sinni. Fyrirnefndi báturinn aflaði 120 kg af rækju á togtíma og fékk 1050 smáýsur, en hinn síðarnefndi aflaði 24 kg af rækju á togtíma og fékk 480 smáýsur. Um 91% ýsunnar var á 1. ári og um 9% á 2. ári.

Dagana 23.-27. febrúar 1972 var r/s Hafþór á Eldeyjarmiðum og var togað átta sinnum með tvenns konar rækjuvörpum, venjulegri 90 feta vörpu og svokallaðri Ólafsvíkurvörpu, er reyndist heldur veiðnari hvað snerti rækju og í hana veiddust færri smáýsur. Meðalafli beggja varpa reyndist 88 kg af rækju og 930 smáýsur á togtíma. Einnig voru merktar 3000 rækjur á sama hátt og gert var 1971 í Djúpál. Engar endurheimtur fengust úr þessari merkingu (58). Leiðangurstjórar voru Hrafnkell Eiríksson og Guðni Þorsteinsson og þeim til aðstoðar Atli Magnússon, Gunnar Hilmarsson og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Valgarður Þorkelsson (60).

Dagana 7.-9. apríl var r/s Hafþór við rækjuathuganir á Eldeyjarmiðum og var togað 9 sinnum. Mestur afli varð um 400 kg

af rækju á togtíma en fjöldi smáýsu var 2270, en meðalafli á togtíma var aðeins 60 kg af rækju. Almennt var smáýsumergðin svo mikil, að ekki var talið réttlætanlegt að opna svæðið til rækjuveiða að sinni. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og aðstoðarmenn þeir Sigurður Árnason, Þorsteinn Jónsson og Atli Magnússon. Skipstjóri var Valgarður Þorkelsson.

Í apríl og byrjun maí höfðu 27 bátar sótt um rækjuveiðileyfi á Eldeyjarmiðum til Sjávarútvegsráðuneytisins, og varð að ráði, að Félag rækjuframleiðanda á Suðurnesjum léði einn bát, Hafrannsóknastofnun að kostnaðarlausu, til nánari athugana á svæðinu. Var m/b Árni Ólafur GK 315 við rækjukönnun á miðunum dagana 3., 4. og 8. maí. Alls var togað í 15 skipti og öfluðust að jafnaði tæp 100 kg af rækju og 257 smáýsur á togtíma. Guðni Þorsteinsson, Sigurður Árnason og Þorsteinn Jónsson sáu um þessar athuganir. Skipstjóri var Baldur Ólafsson.

Dagana 8.-11. maí togaði r/s Hafþór í 10 skipti á Eldeyjarmiðum. Að jafnaði veiddust um 63 kg af rækju og um 916 smáýsur á togtíma. Leiðangurstjóri var Gunnar Jónsson og með honum Gunnlaugur Hallgrímsson, Halldór Dagsson og Sigurður Árnason. Skipstjóri var Valgarður Þorkelsson (64).

Með tilliti til þessara athugana lagði Hafrannsóknastofnun til, að Eldeyjarmið væru opnuð fyrir rækjuveiðum, með vissum takmörkunum þó, og var svo gert hinn 19. maí. Veiðarnar gengu yfirleitt mjög treglega allt sumarið, og rýrnuðu mjög er á leið, enda varð meðalafli rækju á Eldeyjarmiðum 1972 aðeins um 83 kg á togtíma og hafði aldrei áður verið svo lítill (63).

Hafrannsóknastofnun fylgdist með veiðunum eftir föngum. Hinn 12. júní togaði r/s Hafþór tvisvar á Eldeyjarmiðum. Meðalrækjuafli á togtíma reyndist aðeins um 37 kg og örfáar ýsur komu í vörpuna. Í ágúst og september fóru tveir starfsmenn stofnunarinnar, Sigurður Árnason og Guðmundur Skúli Bragason, í róðra með þremur rækjubátum (m/b Baldri KE 97, m/b Hegra KE 107 og m/b Sæþór KE 70). Togað var samtals í 16 skipti. Meðalafli bátanna varð 59 kg af rækju og 234 smáýsur á togtíma.

Í byrjun september 1972 lagði Hafrannsóknastofnun til, að rækjuveiðum á Eldeyjarmiðum yrði hætt, enda afli orðinn sáratregur.

Eftir lokun miðanna var hugað að rækjuafli í Jökuldjúpi, og fóru tveir starfsmenn Hafrannsóknastofnunar, Sigurður Árnason og Atli Magnússon, í róðra með tveimur rækjubátum (m/b Glað KE 67 og m/b Baldri KE 97). Var togað 16 sinnum í Jökuldjúpi fyrstu viku október. Reyndist rækjuafli litlu skárrri en við Eldey, eða að jafnaði um 64 kg af rækju og um 240 smáýsur á togtíma.

Samkvæmt Skýrslu um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar 1971 og 1972 (61) var r/s Hafþór m.a. við rækjurannsóknir við Vestfirði frá 3.-15. mars 1972, en í skýrslu leiðangurstjóra kemur

hvergi fram, að rækjurannsóknir hafi verið stundaðar í leiðangrinum (62). Munu þær hafa fallið niður vegna veðurs.

Frá 13. maí- 12. júní var m/b Snarfari ST 17 við rækjuleit norðanlands, aðallega á djúpmiðum. Var togað samtals á 62 stöðum frá Drangál til Grímseyjar, og þar af á 47 stöðum utan fjarða og flóa. Í Drangál fannst engin rækja, en í Reykjafjarðarál var togað 14 sinnum og varð vart við stóra rækju, skárstur var afli norðan Kolkugrunns, um 30-60 kg á togtíma. Meðalafli rækju í Reykjafjarðarál reyndist um 27 kg á togtíma. Í Húnaflóaál var togað 10 sinnum og varð þar einnig vart við stóra rækju en en afli varð að jafnaði aðeins um 8 kg á togtíma. Í Skagafjarðardjúpi var togað á 7 stöðum og varð afli mestur 12 kg togtíma en meðalafli um 5 kg á togtíma. Í Eyjafjarðarál var togað 9 sinnum og fengust mest 25 kg af rækju á togtíma, en að jafnaði um 13 kg. Suðaustur af Grímsey var togað á 7 stöðum og þar var rækjuafli mestur, um 40 kg að jafnaði á togtíma. Leiðangurstjóri var Guðm. Skúli Bragason og með honum var Atli Magnússon. Skipstjóri var Benedikt G. Egilsson (65).

Í vorleiðangri r/s Bjarna Sæmundssonar í maílok var togað tvisvar sinnum í Djúpál, og fengust nokkur kg af góðri, miðlungsstórri rækju. Síðari hluta maí og fyrri hluta júní var r/s Hafþór m.a. við rækjuleit út af Austfjörðum. Var helst leitað í Berufjarðarál og þar var togað á 8 stöðum. Að jafnaði öfluðust þar um 44 kg á togtíma af stórri rækju, 162-208 stk í kg. Mestur rækjuafli reyndist á 190-212 m dýpi, um 165 kg á togtíma. Annars staðar eystra var afli rýr, oftast um 20-50 kg á togtíma. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og honum til aðstoðar Þorsteinn Jónsson og Helgi Guðmundsson. Skipstjóri var Valgarður Þorkelsson (66).

Seinni hluta ágústmánaðar var r/s Hafþór við rækjuleit út af Vestfjörðum og í Reykjafjarðarál. Í fyrstu var togað 3 sinnum á Dohrnbanka, að tilvísan Gísla Bjarnasonar skipstjóra, sem fyrr er getið, en árangur varð enginn. Í Reykjafjarðarál var togað í 7 skipti og veiddist rækja í 5 af togunum, frá 11-70 kg á togtíma. Var hér um stóra rækju að ræða, sem taldist um 180 stk. í kg. Á sunnanverðum Hala var togað 3 sinnum án árangurs. Einnig var togað djúpt í Víkurál og suður með köntunum með litlum árangri. Í Kolluál fengust þó um 80 kg af rækju á togtíma. Veður hamlaði mjög veiðum allan úthaldstímann. Leiðangurstjóri var Guðm. Skúli Bragason, aðstoðarmenn voru Ástþór Gíslason og Atli Magnússon, en skipstjóri var Valgarður Þorkelsson.

Dagana 5.-20. september var r/s Hafþór við humarrannsóknir og rækjuleit við suður- og suðausturströndina, og var togað fyrir rækju í Berufjarðarál og í Lónsdjúpi. Nú varð aðeins vart við lítilsháttar rækju í Berufjarðarál - en þar var togað á 7 stöðum - mest 20 kg á togtíma og að jafnaði aðeins 7 kg. Stærð rækjunnar var frá 120-176 stykki í kg. Í Lónsdjúpi var togað 5 sinnum, mestur varð afli um 70

kg á togtíma, en að meðaltali 39 kg. Fjöldi rækju í kg var frá 150-180 stk. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og með honum voru Þorsteinn Jónsson, Sigurður Árnason og Einar Jónsson. Skipstjóri var Valgarður Þorkelsson.

Frá 27. sept.-10. október var r/s Bjarni Sæmundsson við grálúðuathuganir á djúpmiðum austanlands og var togað með fiskivörpu, möskvastærð 114 cm, en í hluta leiðangurs var varpan klædd með fínu neti í poka. Í skýrslu leiðangurstjóra er þess getið, að á norðanverðum Þórsbanka hafi alls staðar fundist vottur af stórri rækju, einnig sat talsvert af rækju í möskvum þá togað var djúpt á Langanesgrunni, og sömuleiðis hékk nokkuð af rækju í vörpunni, er togað var á svæðinu frá Seyðisfjarðardjúpi að Fæti. Eru taldir upp 13 staðir þar sem orðið hafi vart rækju eystra í þessum leiðangri, allir norðan 64 breiddargráðu og á 300-460 m dýpi, auk tveggja staða, sem Magni Kristjánsson skipstjóri hafi bent á. Leiðangurstjóri í þessum leiðangri var Aðalsteinn Sigurðsson og með honum þau Edda Guðnadóttir, Stefán Aðalsteinsson og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Sæmundur Auðunsson (67).

Dagana 1.-18. nóvember var r/s Hafþór við rækjuleit vestanlands og norðan, og var m.a. togað tvisvar í Jökuldjúpi og var afli um 25 og 35 kg á togtíma. Að öðru leyti mun leiðangur þessi hafa tekist illa vegna veðurs, t.d. var ekki hægt að toga við Grímsey eins og fyrirhugað var. Leiðangurstjóri var Guðmundur Sk. Bragason og skipstjóri Kristján J. Sigurjónsson. Annara leiðangursmanna er ekki getið.

Frá 2.-17. desember 1972 var r/s Bjarni Sæmundsson við steinbítisranssóknir við Vestfirði og Vesturland, og í þeim leiðangri var togað með rækjuvörpu þrisvar sinnum hinn 4. des. í sunnanverðum Kolluál. Rækjuafli var sáralítill.

1973

Fyrsti rækjuleiðangur ársins 1973 var farinn á r/s Hafþór á Eldeyjarmið dagana 31. janúar-3. febrúar, en alls voru miðin athuguð tíu sinnum á árinu. Jafnframt athugunum á seiðagengd á svæðinu, voru könnuð áhrif mismunandi grandalengdar á rækjuafli. Togað var sjö sinnum í þessum fyrsta leiðangri og reyndist talsvert af smáýsu. Rækjuafli var frá 1. kg upp í 300 kg/klst, að jafnaði um 190 kg, og var um stóra rækju að ræða. Var fjöldi í kg frá 190-242 stk. Að jafnaði veiddust um 1725 smáýsur í klukkustundar togi, mest 2835 ýsur. Um 15-39% ýsunnar var tveggja ára. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og með honum þeir Atli Magnússon og Ólafur K. Pálsson. Skipstjóri var Gísli Ólafsson (68).

Í humarleiðangri r/s Hafþórs frá 8.-28. maí var togað sjö sinnum með rækjuvörpu á Eldeyjarmiðum dagana 10.-11. maí. Rækjuafli reyndist alls 575 kg, að jafnaði um 82 kg/klst og fjöldi rækju í kg

var að meðaltali um 200 stk. Alls veiddust 16 fisktegundir - þó einna minnst af nytjafiski - og að jafnaði um 103 ýsur í klukkustundar togi. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og skipstjóri Kristján Sigurjónsson. Rækjuveiðar við Eldey hófust síðan 25. maí, og fylgdist Hafrannsóknasofnun með þróun veiða allt sumarið eftir því sem tækifæri gafst til, bæði á rannsóknaskipum og eins var farið í róðra með rækjubátum.

Hinn 15. júní fór Sigfús Jóhannesson í róður með m/b Glað KE-67, en vegna veðurs var aðeins hægt að toga einu sinni, þriggja stunda tog, og öfluðust 60 kg af rækju og lítilsháttar af ýsu, sem að jafnaði var um 17,5 cm löng (69).

Hinn 27. júní fór Gunnar Hilmarsson í róður með sama bát. Fengust um 360 kg af rækju í fjórum togum, að jafnaði um 90 kg á togtíma. Engrar ýsu er getið í afla, en um 1,5 tonn veiddust af spærlingi og nokkuð af humri (70).

Enn fór Sigfús Jóhannesson með m/b Glað KE-67 á rækjuveiðar hinn 18. júlí. Var togað þrisvar sinnum á Eldeyjarmiðum og var afli heldur rýr sem fyrr. Alls veiddust um 510 kg af rækju, eða um 46 kg að jafnaði á klst, fjöldi rækju í kg var frá 200-440 stk/kg. Dálítið aflaðist af humri og spærling en aðeins örfáar ýsur að meðallengd um 25 cm.

Næsta dag fór Sigfús í róður með m/b Ólafi II KE-149 og var togað tvisvar sinnum. Alls veiddust um 250 kg af rækju, eða að meðaltali um 45 kg/klst; smáýsuafli í fyrra toginu var sáralítill, en í hinu síðara um 180 stk/klst, og var meðallengd ýsunnar frá 26-28 cm (71).

Hinn 15. ágúst fór Guðmundur Skúli Bragason í róður með m/b Guðbjörgu RE-21, en aðeins var hægt að toga einu sinni vegna veðurs. Fengust um 250 kg af rækju í þriggja stunda togi, eða um 63 kg/klst, og um 176 rækjur fóru í kg. Ýsur voru um 30 á bilinu 9-33 cm, 200 kg fengust af spærlingi í toginu og 10 kg af slitnum humri (72).

Í leiðangri r/s Hafþórs frá 20. ágúst-1. sept. 1973 var togað átta sinnum á Eldeyjarmiðum dagana 21. og 22. ágúst. Alls öfluðust um 246 kg af rækju, að jafnaði um 31 kg/klst, og var fjöldi rækju í kg um 252. Seiðafjöldi var vart teljandi. Leiðangurstjóri var Gunnar Jónsson og ásamt honum Guðm. Sk. Bragaason, Halldór Dagsson og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Kristján Sigurjónsson (73).

Í júlí 1973 var gengið frá kaupum á m/b Pólstjörnnunni KE-9, og var báturinn afhentur Hafrannsóknastofnun hinn 30. sama mánaðar og hlaut nafnið Dröfn RE-135. Fyrsti leiðangur r/s Drafnar stóð frá 30. ágúst-15. október, og var m.a. togað fimm sinnum á Eldeyjarmiðum dagana 3. og 4. september. Rækjuafli varð alls 390 kg og að jafnaði um 50 kg á togtíma. Fjöldi rækju í kg reyndist um 200 stk. Smáýsugengd var komin inn á miðin; að meðaltali veiddust

um 530 þorskar og ýsur á togtíma og var um fimmti hver fiskur undirmáls. Af þeim sökum - svo og hve rækjuafli hafði reynst rýr - var miðunum lokað fyrir rækjuveiðum hinn 6. september. Leiðangurstjóri var Guðmundur Skúli Bragason og með honum Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson (74).

Dagana 22. nóv.-6. des. var r/s Hafþór við rækjuleit á djúpmiðum fyrir suður- og suðvesturlandi og var m.a. togað í þrettán skipti á Eldeyjarmiðum dagana 23. nóv.-4. des. Í fjórum toganna fékkst aðeins lítilræði af rækju, en í hinum níu veiddist samtals 1185 kg. Að jafnaði veiddust um 136 kg/klst, mest 600 kg og minnst 6. Rækjufjöldi í kg reyndist að meðaltali 237 stk. Á tveimur stöðum bar mest á ýsuseiðum, um 1700 og 1800 stk í klukkustundar togi, annars bar mest á ýmsum málfiski. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og honum til aðstoðar Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Kristján Sigurjónsson (75). Með þessum leiðangri lauk athugunum á Eldeyjarmiðum 1973.

Nokkur önnur úthafsmið voru einnig athuguð á þessu ári. Dagana 4.-18. apríl var r/s Hafþór við rækjuleit og rannsóknir á utanverðum Húnaflóa og í Reykjafjarðarál, og var alls togað í 15 skipti, en aðeins var um óverulega rækjugengd að ræða. Leiðangurstjóri var Guðmundur Sk. Bragason og skipstjóri Kristján Sigurjónsson.

Dagana 12. okt.-3. nóv. var r/s Hafþór við rækjuleit, aðallega fyrir norðan og austan land. Þó var togað sex sinnum í Jökuldjúpi hinn 13. okt. og reyndist afli aðeins um 19 kg á togtíma að jafnaði. Fjöldi rækju í kg. var um 300, og ýsuseiði reyndust 24 að meðaltali á togtíma. Ekki var þó veiði þessi sambærileg við afla rækjubáta, sem þarna voru þennan dag - hvað sem valdið hefur - þar eð þeir öfluðu að jafnaði um 100 kg af rækju og fengu um 200 seiði á togtíma.

Í Bakkaflóadjúpi var togað átta sinnum, bæði djúpt og grunnt dagana 20. og 21. okt. Var hér notuð önnur rækjuvarpa en í Jökuldjúpi. Rækja fékkst í sjö toganna, frá 3 upp í 105 kg/klst, að jafnaði um 40 kg. Hér var um stóra rækju að ræða, frá 148-224 stk/kg, að meðaltali um 185 stk.

Á norðurkanti Glettinganesgrunns var togað tvisvar hinn 25. okt. Í fyrra toginu varð aðeins vart við rækju, en í því seinna fengust 210 kg/klst og var fjöldi rækju í kg 198. Fjórum sinnum var togað í Seyðisfjarðardjúpi án teljandi árangurs. Í Norfjarðardjúpi var togað þrisvar með litlum árangri, mest 20 kg/klst, en rækjan var mjög stór, um 115 stk/kg. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og honum til aðstoðar Gunnar Hilmarsson og Stefán Aðalsteinsson. Skipstjóri var Gísli Ólafsson (76).

Í framhaldi af fyrrnefndum athugunum á r/s Hafþórs á Eldeyjarmiðum dagana 23.-27. nóvember var togað í Skerjadjúpi og Háfadjúpi 1. og 5. desember, einu sinni á hvorum stað, en aðeins fengust 15 og 10 kg/klst, en rækjan var stór, 160-170 stk/kg.

Á árinu 1973 fengu nokkrir bátar (Mímir ÍS-30, Kofri ÍS-41 og Sæþór EA-101) leyfi til rækjuveiða á úthafinu undan Vestfjörðum og Norðurlandi, og þrír bátar (Viðir Trausti SU 517, Hagbarður SF 15 og Hafranes SI 77) fengu leyfi til veiða við Austfirði og SA-land.

1974

R/s Dröfn var við athuganir á Eldeyjarmiðum frá 15.-29. maí 1974 og var togað á svæðinu í 27 skipti. Á 12 stöðum reyndist engin rækja eða aðeins vottur, en annars frá 2-200 kg/klst, að jafnaði 48 kg. Fjöldi í kg var frá 200-300, að meðaltali 227 stk. Rækjuafli var þannig rýr og víða mikið af ýsuseiðum, allt upp í 2000 á togtíma, og á einum stað 7750 fiskseiði (ýsa og lýsa). Síðasta athugunardaginn leituðu fjórir rækjubátar með r/s Dröfn á miðunum, og var aflasamsetning svipuð og hjá rannsóknaskipinu. Að lokinni þessari athugun voru rækjuveiðar bannaðar á þeim stöðum þar sem seiðagengd var mest. Að loknum fyrrnefndum athugunum á r/s Dröfn í maí, var togað 4 sinnum hinn 30. maí í Jökuldjúpi. Lítinn rækjuafli var að fá, á einum stað fannst aðeins vottur, annars frá 9-20 kg/klst. Rækjan var smá, að jafnaði um 267 stk/kg, en lítið var af seiðum. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og til aðstoðar Guðm. Skúli Bragason og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson (77).

Enn á ný var Eldeyjarsvæðið kannað á r/s Dröfn dagana 16.-21. júlí 1974, bæði friðaða svæðið sem og utan þess, og var togað alls 10 sinnum. Mestur rækjuafli reyndist um 45 kg/klst, að jafnaði um 14 kg, og fóru um 200 stk í kg að meðaltali. Mikið var um ýsuseiði, að jafnaði um 1400 stk á togtíma. Átta bátar voru að rækjuveiðum innan hins friðaða svæðis, og taldi leiðangurstjórinn, að afmörkun friðaðs svæðis hefði ekki náð tilgangi sínum. Á öllu svæðinu var lítill rækjuafli, og var lagt til, að svæðinu yrði öllu lokað. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og með honum þeir Þorsteinn Jónsson og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Gunnar Jónsson (78).

Dagana 5. og 6. ágúst var Eldeyjarsvæðið athugað á m/b Guðbjörgu HU-121. Rækjuafli reyndist sæmilegur, um 50-130 kg á togtíma, og mjög lítið var af ýsuseiðum eða aðeins um 14-24 á togtíma. Var því lagt til, að veiðar yrrðu leyfðar að nýju með nokkrum takmörkunum þó. Guðmundur Sk. Bragason sá um þessa könnun.

Í síldarleiðangri r/s Árna Friðrikssonar í september var togað með rækjuvörpu í Kolluál og við Eldey dagana 12.-15. sept. Í Kolluál fékkst aðallega veturgömull ýsa og kolmunni. Við Eldey var togað fimm sinnum, í einu toganna aflaðist engin rækja, en í hinum fjórum fengust 40-250 kg í togi, að jafnaði um 118 kg. Togtíma er ekki getið, en fjöldi rækju í kg reyndist frá 192-206 stk. Ýsu er

getið í einu togi, 162 stk. Leiðangurstjóri var Jakob Jakobsson og með honum þeir Ólafur K. Pálsson, Jón Sigurðsson og Kjartan Bergsteinsson. Skipstjóri var Jóhannes Sigurbjörnsson (79).

Í septemberbyrjun togaði r/s Dröfn sex sinnum í Jökuldjúpi. Fengust að jafnaði um 47 kg/klst af smárri rækju, um 368 stk/kg að meðaltali. Síðustu daga september var Eldeyjarsvæðið enn athugað og farið í róðra með rækjubátunum Baldri KE 97, Glað KE 67, og Hegra KE 107, og m.a. bornar saman tvær gerðir rækjuvarpa. Talsvert var um smáýsu, mest næst landi, og rækjuafli almennt rýr. Hinn 3. október var farið í róður með Hegra í Jökuldjúp, en þar var rækja enn smærri og afli rýrari.

Í októberlok togaði r/s Dröfn fjórum sinnum í Jökuldjúpi, í einu toganna fengust 40 kg á togtíma, í hinum aðeins 1-2 kg. Rækjan var smá, að jafnaði um 300 stk/kg.

Aftur var r/s Dröfn á Eldeyjarmiðum hinn 30. október og er þá togað í fjögur skipti. Í tveimur toganna reyndist aðeins vottur af rækju, og í hinum sáralítill afli, 25 og 15 kg á togtíma. Fjöldi rækju í kg var að meðaltali um 200 stk. Smáýsumergð var enn mikil, mest á grunnsvæði, um 1090 stk á togtíma að jafnaði, en mun minna dýpra, eða um 100 stk. á togtíma. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og með honum Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Gunnar Jónsson (80).

Frá 23.-28. nóvember var r/s Hafþór við samanburðarveiðar með venjulegri rækjuvörpu og nokkrum gerðum af svokallaðri "fiskafælu" á Eldeyjarmiðum. Var togað í 22 skipti. Í venjulega rækjuvörpu veiddist að jafnaði um 155 kg af rækju á togtíma og töldust um 220 stk. í kg. Af fiski veiddust að meðaltali um 775 á togtíma, þar af um 280 ýsur. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og með honum þeir Gísli Ólafsson og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Kristján Sigurjónsson (81).

Árið 1974 fór fyrsta rækjuathugun á úthafinu (fyrir utan Eldeyjarmið og Jökuldjúp, sem fyrr er rakið) fram á m/b Sæþór EA-101, en hann var á rækjuveiðum norðanlands. Var talin ástæða til að athuga rækjugengd í Eyjafjarðarál, sunnan Grímseyjarmiða að mynni Eyjafjarðar. Frá 7.-10 janúar togaði báturinn 10 sinnum á þessu svæði, tvö toganna voru ekki marktæk, en í hinum öfluðust 232 kg af rækju, eða aðeins um 29 kg/klst að jafnaði. Stærð rækjunnar var hins vegar ágæt, frá 90-236 stk/kg, að jafnaði 162 stk. Frá Hafrannsóknastofnun var Þorsteinn Jónsson en skipstjóri var Snorri Snorrason (82).

Frá 25.-27. júní var r/s Dröfn við rækjuathuganir í Kolluál og togaði þar á 11 stöðum. Í einu toganna fannst engin rækja, en í hinum reyndist meðalafli um 60 kg/klst af stórri rækju og fóru að jafnaði um 185 stk í kg. Í tveimur toganna var rækjuafli um 100 kg/klst. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og með honum

Þorsteinn Jónsson og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Frá 13.-22. ágúst var r/s Dröfn m.a. við rækjuleit á djúpmiðum austanlands frá Bakkaflóadjúpi að Tvískerjum. Í Bakkaflóadjúpi var togað fjórum sinnum. Í einu toganna var enga rækju að fá, en í hinum veiddist að meðaltali um 23 kg/klst og var rækjan stór, um 160 stk/kg. Í Héraðsdjúpi var togað einu sinni; aðeins fengust 5 kg/klst af rækju sem taldist 170 stk/kg. Á norðurkanti Glettinganesgrunns var togað þrisvar og veiddist að jafnaði um 12 kg/klst. Rækjan var stór, um 144 stk/kg. Skammt út af Berufirði var togað tvisvar án árangurs, en í Berufjarðarál var togað þrisvar og fengust aðeins 7 kg að jafnaði á togtíma af stórrri rækju, um 152 stk/kg. Í Lónsdjúpi var togað á sjö stöðum, fengust um 18 kg að meðaltali á togtíma og fóru um 176 rækjur í kg. Í Hornafjarðardjúpi var togað einu sinni og fékkst aðeins vottur af rækju, í Breiðamerkurdjúpi var togað þrisvar og fengust um 8 kg af rækju á togtíma. Við Tvísker og Hrollaugseyjar varð engrar rækju vart. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og með honum Guðm. Sv. Jónsson og Sólmundur Einarsson. Skipstjóri var Gunnar Jónsson.

Frá 26. ágúst -8. sept. var r/s Bjarni Sæmundsson við ýmis rannsóknaverkefni norðan- og austanlands, í Grænlandshafi og út af Reykjanesi, þ.á.m. voru fyrirhugaðar rækjurannsóknir, sem því miður varð ekkert af. Hins vegar fékkst allvíða rækja í botnvörpu (fiskivörpu) með fínriðnum poka, aðallega djúpt í Reykjafjarðarál (26 kg í togi), vestan Kolbeinseyjar (15 kg í togi) og utarlega í Norðfjarðardjúpi (11 kg í togi). Austanlands virtist rækjan vera langstærst, um 80-112 stk/kg, en smæst við Langanes. Leiðangurstjóri var Jakob Magnússon og með honum Vilhelmina Vilhelmsdóttir, Albert Stefánsson, Sigurður Gunnarsson og Guðmundur S. Bragason. Skipstjóri var Sigurður Árnason (83).

Fyrri hluta nóvember var r/s Dröfn við rækjuathuganir austanlands, aðallega innfjarða, en þó var togað alls fimm sinnum í norðurkanti Héraðsflóadjúps og í Bakkaflóa. Aðeins fannst vottur af rækju og fóru um 164-198 stk/kg. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og honum til aðstoðar Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Gunnar Jónsson (80).

Í árslok 1974 tók Sólmundur Einarsson saman yfirlit yfir þau úthafssvæði, utan Eldeyjar, þar sem afli hafði almennt farið yfir 100 kg á togtíma. Þau svæði eru Kolluáall, Djúpáll, Grímseyjarsvæðið, Kolbeinseyjarsvæðið, Bakkaflóadjúp, Héraðsflóadjúp og Berufjarðaráll. Benti Sólmundur á nauðsyn þess að geta sinnt rækjuleitinni á öllum árstímum, t.d. á vorin, sem ekki hafi verið hægt vegna athuganna á hefðbundnum veiðisvæðum (84).

Sem fyrr fengu þeir bátar, sem um sóttu, leyfi til veiða á úthafinu, m.a. undan Austurlandi (m/b Haukur SU 50 og m/b Hólanes SU 42).

1975

Árið 1975 voru engar rækjuveiðar stundaðar á Eldeyjarmiðum. Þær höfðu gengið illa árið áður, bæði vegna aflatregðu sem og mikillar smáýsumergðar, og virtust fáir hafa áhuga á veiðum þar. Hafrannsóknastofnunin fylgdist þó með framvindu mála, og voru Eldeyjarmið athuguð fimm sinnum á árinu. Dagana 9. og 10. mars togaði r/s Hafþór sex sinnum á Eldeyjarmiðum með mismunandi gerðum rækjuvarpa. Rækjuafli reyndist mjög rýr en talsvert var af ýsu. Veður hamlaði frekari athugunum. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og með honum þeir Gísli Ólafsson og Gunnlaugur Hallgrímsson. Skipstjóri var Jóhannes Sigurbjörnsson. Næst var togað við Eldey og í Jökuldjúpi 27.-29. apríl á r/s Dröfn. Í Jökuldjúpi fannst engin rækja og lítið við Eldey; þó fengust um 160 kg á einum stað en töluvert var um háf og geirnyt. Leiðangurstjóri var Ingvar Hallgrímsson og til aðstoðar Guðmundur Sk. Bragason. Hinn 1. og 2. maí var á ný togað við Eldey á r/s Dröfn. Alls var togað í níu skipti með mismunandi gerðum rækjuvarpa (fiskafælum). Afli reyndist skárstur í venjulega rækjuvörpu, um 90-100 kg á móti 20 kg rækjuafli í fiskifælu á jafnlöngum tíma. Talsvert var af fiski. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og honum til aðstoðar þeir Gísli Ólafsson, Guðmundur Guðmundsson og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson (85). Enn var reynt að bera saman aflabrogð í svokallaðar fiskafælur og venjulegar rækjuvörpur á Eldeyjarmiðum á r/s Hafþór dagana 10.-12. maí. Árangur var nánast enginn vegna veðurs og straums (86).

Í leiðangri r/s Hafþórs frá 22. maí-9. júní 1975, sem aðallega var farinn til rækjuleitar á djúpslóð undan austur- og norðurlandi, var togað fjórum sinnum við Eldey 22. og 23. maí. Afli var nánast enginn, 12 kg í tveimur toganna, og var fjöldi rækju í kg 156 og 226 stk.(91).

Dagana 12. og 13. júní var r/s Dröfn við athuganir á Eldeyjarmiðum og var togað sjö sinnum. Í þremur dýpstu togunum var enga rækju að fá, en talsvert af humri, þorski og geirnyt. Í þeim togum sem rækja veiddist í var afli mjög rýr, um 34 kg á togtíma að jafnaði, en rækjan var stór, frá 176-222 stk/kg. Af fiski veiddist aðallega spærlingur, allt að 1000 kg á togtíma, kolmunni og karfi. Lítilsháttar varð vart við ýsu. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og með honum Gunnar Hilmarsson og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Næst voru Eldeyjarmið athuguð hinn 25. júlí á r/s Dröfn. Togað var á fimm stöðum og var rækjuafli rýr, frá 35-80 kg á togtíma, að jafnaði 64 kg, og fóru um 200-276 stk í kg. Lítið varð vart við ýsu, mest 140 stk á togtíma, annar fiskur var aðallega spærlingur og kolmunni. Niðurstaða könnunarinnar var talin sú, "að óhætt muni að

leyfa rækjuveiðar í smáum stíl". Í leiðangrinum var einnig togað á fimm stöðum í Jökuldjúpi. Á tveimur stöðum fannst smávegis af rækju, annars aðeins vottur, og fóru 200-242 stk. í kg. Leiðangurstjóri var Unnur Skúladóttir og til aðstoðar Sigfús Jóhannesson og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson (87).

Ekki var farið aftur á Eldeyjarmið á árinu 1975, enda voru engar rækjuveiðar stundaðar þar á því ári eins og fyrr er nefnt.

Eldeyjarmið höfðu nú verið nýtt í 5 ár og veiðarnar oft gengið illa sökum ungfiskmergðar í rækjuafli. Oft varð því að loka hluta svæðisins eða stöðva veiðar. Í fyrstu aflaðist mjög vel, um 168 kg á togtíma að jafnaði árið 1970, og varð heildarársveiðin rúm 300 tonn. Næsta ár veidust um 1725 tonn. Eftir það hríðféll afli á togtíma og komst niður í 62 kg 1974, jafnframt því sem mikið var um smáfisk í veiðinni. Þetta olli því að allar rækjuvinnsur á Suðurnesjum, utan ein, voru lagðar niður, en þær voru sjö er þær voru flestar. Sumarið 1975 kom ekki í ljós þokkalegur afli á Eldeyjarmiðum fyrr en í júlí, en þá fengust 60-80 kg á togtíma á nokkrum svæðum.

Á djúpslóð norðanlands gengu veiðar hins vegar mjög vel árið 1975 og bátum fjölgaði úr 1 frá fyrra ári í 9 er flestir voru samkvæmt veiðiskýrslum. Hins vegar sóttu rúmlega 50 bátar um rækjuveiðileyfi norðanlands og austan, en fæstir munu þó hafa nýtt sér þau. Rækjuafli á svæðinu nyrðra mun alls hafa numið um 414 lestum 1975, þar af veiddi Snorri Snorrason um 260 lestir á bát sínum Sæþóri EA 101, eða um 62% heildaraflans. Afli á svæðinu náði hámarki í febrúar, en þann mánuð var meðalafli m/b Sæþórs um 244 kg á togtíma. Meðalveiði bátsins á öllu árinu var um 162 kg á togtíma. Annars má telja, að þessi mið hafi verið að mestu ónotuð frá því að þau fundust á r/s Hafþór síðla árs 1969. Samanlagður rækjuafli á úthafssvæðinu nyrðra var þó aðeins um 8,6% af heildarrækjuafli á árinu.

Í leiðangri r/s Hafþórs til þorskathugana norðan- og norðaustanlands, var togað með klæddri botnvörpu í Bakkaflóadjúpi, á köntum Glettinganesgrunns, á Tangaflaki og í Norðfjarðardjúpi dagana 18. og 19. febrúar. Á öllum þessum stöðum fannst vottur af stórri rækju, allt að 80 stk/kg.

Í loðnuleitarleiðangri r/s Árna Friðrikssonar í mars 1975 var nokkrum sinnum kastað rækjuvörpu á djúpslóð, bæði norðanlands og sunnan, en án teljandi árangurs. Hinn 21. mars var togað með rækjuvörpu í Axarfirði og fengust um 600 kg af rækju í toginu og má telja það upphaf rækjuveiða í firðinum. Leiðangurstjóri var Hjálmar Vilhjálmsson og honum til aðstoðar þeir Þórður Sigurgeirsson og Jón Þórðarson (88, 89). Ástæða þótti til að kanna þennan fund nánar og var svo gert í leiðangri r/s Drafnar, er stóð frá 5.-24. apríl, en jafnframt var leitað rækju austan og vestan

Grímseyjar, í Fjallsdjúpi og Skagafjarðardjúpi. Við Grímsey var togað fjórum sinnum og í einu togi austan eyjunnar fengust 70 kg af rækju á togtíma og reyndust 120 stk í kg. Annars staðar við eyjuna, sem og í Fjallsdjúpi, var rækjuafli vart teljandi. Í Skagafjarðardjúpi var togað þrisvar sinnum; aðeins í einu toganna var smáræði af rækju, 182 stk/kg. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og með honum þeir Sigfús Jóhannesson og Vilhjálmur Þorsteinsson (90).

Í vorleiðangri r/s Bjarna Sæmundssonar frá 25.-15. júní 1975 var borin niður rækjuvarpa á Halanum og fengust nokkur kg af rækju, í Djúpál fengust um 30 kg, við Kolbeinsey um 40 kg, en út af Langanesi og Gerpi fékkst ekki rækja. Í áðurnefndum leiðangri r/s Hafþórs frá 22.maí-9.júní, er hófst með togum á Eldeyjarmiðum, sem áður er getið, var meginmarkmiðið rækjuleit undan Austfjörðum og Norðurlandi. Dagana 24. og 25. maí var togað á fjórum stöðum í Lónsdjúpi. Í þremur toganna fékkst svolítill rækjuafli, mest 45 kg/klst, en að jafnaði um 22 kg á togtíma, í fjórða togi var aðeins vottur. Um 160-214 stk fóru í kg. Seinni daginn var einnig togað tvisvar í Berufjarðarál, og var meðalafli um 13 kg á togtíma og fjöldi rækju í kg frá 152-160 stk. Við Hvalbak var enga rækju að fá, en hinn 27. maí var togað tvisvar djúpt út af Vattarnesi og fengust 80 og 200 kg á togtíma af stórrí rækju, 140-146 stk/kg. Frá Vattarnesi að Þistilfirði var að mestu fylgt 400 m dýptarlínu og togað níu sinnum á þessu svæði án teljandi árangurs og nú var hvorki rækju að fá í Héraðsflóadjúpi né Bakkaflóadjúpi. Hinn 3. júní var togað í fjögur skipti í Eyjarfjarðarál, í einu toganna fengust 60 kg á togtíma, í hinum aðeins vottur af rækju. Hún var hins vegar stór, 114-178 stk. fóru í kg. Vestan Grímseyjar, við Nafir og djúpt út af Siglunesi, að Skagafjarðardjúpi, var togað 16 sinnum dagana 3.-6. júní. Á einum stað var engrar rækju vart, á níu stöðum fannst aðeins vottur af rækju, en í sex togum fannst rækja frá 20-50 kg á togtíma og fóru 170-223 stk. í kg. Til stóð að toga við Kolbeinsey, en af því gat ekki orðið vegna íss. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og með honum var Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Jóhannes Sigurbjörnsson (91, 92).

Í framhaldi af júníleiðangri r/s Drafnar á Eldeyjarmið sem áður er getið, var togað á fimm stöðum í Jökuldjúpi 13. og 14. júní 1975. Veiddust 470 kg af rækju, að jafnaði um 48 kg á togtíma. Hér var um stóra rækju að ræða, og fóru um 170-196 stk/kg. Mjög lítið var um fisk.

Í leiðangri r/s Hafþórs til smákarfa- og rækjuathugana út af Breiðafirði og Vestfjörðum frá 19. ágúst-1. sept. varð rækju lítilsháttar vart í mörgum togum undan Austurlandi, einna skárst í Bakkaflóa. Stærð rækjunnar á þessu svæði var mjög misjöfn, frá 82-335 stk/kg. Leiðangurstjóri var Jakob Magnússon og til aðstoðar

Albert Stefánsson og Haraldur Kristjánsson. Skipstjóri var Jóhannes Sigurbjörnsson (93).

Í leiðangri r/s Drafnar frá 1.-20. október var togað tvisvar eftir rækju út af Berufirði án árangurs, sömuleiðis var reynt út af Seyðisfirði og Loðmundarfirði án árangurs. Í Héraðsflóadjúpi fékkst sémilegur vottur af stórri rækju; að jafnaði fóru þar um 130 stk. í kg. Í Bakkaflóadjúpi var togað tvisvar, rækjuafli að jafnaði 20 kg á togtíma og fóru um 140 stk. í kg. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og með honum Guðmundur Sk. Bragason. Skipstjóri var Ingi Lárusson (94).

Frá 10.-25. nóvember var r/s Hafþór við botnrannsóknir á svæðinu frá Kolluál suður um að Vattarnesi, en jafnframt var togað með rækjuvörpu á nokkrum stöðum. Í Kolluál var togað tvisvar hinn 13. nóv. Meðalafli reyndist um 160 kg/klst og um 210 stk. fóru í kg. Í Lónsdjúpi var togað í eitt skipti, og fengust aðeins 6 kg af rækju á togtíma og fjöldi í kg var 148. Hinn 21. nóv. var fjórum sinnum togað djúpt undan Vattarnesi. Fékkst rækja í þremur toganna, að jafnaði rösk 30 kg í togi, og fóru 174-230 stk í kg. Leiðangurstjóri var Kjartan Thors og til aðstoðar Sigfús Jóhannesson og Ólafur V. Einarsson. Skipstjóri var Jóhannes Sigurbjörnsson (95).

Auk fyrrgreindra leiðangra Hafrannsóknastofnunar fóru nokkrir bátar til rækjuleitar og aðrir til veiða á eigin vegum. T.d. fékk m/b Pilot BA-6 leyfi til leitar og veiða undan Vestfjörðum, og m/b Sveinbjörn Jakobsson SH-10 leyfi til veiða í Kolluál. Högni Torfason hefur eftir Árna Þorgilssyni í bókinni Stóri kampalampi (116), að Árni hafi byrjað úthafsveiðar á rækju vorið 1975 á m/b Sigrúnu, 28 lesta báti. Þetta getur ekki verið rétt, enda finnst enginn bátur með fyrrgreindu nafni á skipaskrá 1975.

1976

Í lok árs 1975 var mönnum orðið fyllilega ljóst, að víðtæk leit Hafrannsóknastofnunar að rækjumiðum á djúpslóð - sem og árangur Snorra Snorrasonar á m/s Sæþór - benti eindregið til þess, að arðvænleg rækjumið væri að finna utan flóa og fjarða.

Á vorþingi 1976 var borin fram þingsályktunartillaga um tilraunaveiðar á rækju á djúpslóð fyrir Austurlandi, og skyldu veiðarnar eigi standa skemur en þrjá mánuði. Í bréfi Hafrannsóknastofnunar til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis, dagsettu 9.4.1976, gerir stofnunin m.a. eftirfarandi athugasemdir: "Þessi umsögn miðast við það, að um rækjuleit sé að ræða, þ.e. leit að arðbærum rækjuveiðisvæðum. Finnist þau, geta veiðar væntanlega hafist á þessum svæðum án fjárhagslegrar utanaðkomandi aðstoðar eins og rækjuveiðarnar við Grímsey sýna. Við tillöguna má einnig gera þær athugasemdir, að með hliðsjón af því langa úthaldi, sem hér er fyrirhugað, virðist óþarft, að takmarka

tilraunir þessar við Austurland eitt, þar eð ýmsar aðrar vænlegar slóðir eru einnig við aðra landshluta." Tillögunni var því breytt á þá lund, að hún tæki einnig til annara landshluta og samþykkt af þinginu. Í lögum nr. 20 frá 1976 eru því ákvæði um, að "af tekjum af vörugjaldi.....skal verja allt að 1000 m.kr. til eflingar landhelgisgæslu og fiskverndar". Með þessu móti nam framlag til hafrannsóknar rösku 1% af verðmæti útfluttra sjávarafurða þetta ár, og hefur það hlutfall aldrei orðið hærra.

Engar veiðar voru stundaðar á Eldeyjarmiðum 1976, en þau voru athuguð í þremur leiðöngrum. Fyrst 25.-30 apríl á r/s Dröfn, en þá var togað níu sinnum á svæðinu. Rækja veiddist í fimm togum, frá 1-170 kg í togi. Var rækjan stór, frá 168-210 stk fóru í kg. Leiðangurstjóri var Ingvar Hallgrímsson og til aðstoðar Guðmundur Sk. Bragason. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Frá 2.-6. júlí var r/s Dröfn við rækjuathuganir í Jökuldjúpi og á Eldeyjarmiðum. Í Jökuldjúpi var togað í fjögur skipti og var afli aðeins um 6 kg/togt að jafnaði. Fjöldi rækju í kg var frá 212-250 stk. Við Eldey var togað átta sinnum dagana 3.-6. júlí og reyndist þar meðalafli á togtíma vera um 104 kg og fóru 200-226 stk í kg. Leiðangurstjóri, aðstoðarmaður og skipstjóri voru þeir sömu sem í fyrri leiðangri.

Í leiðangri r/s Drafnar til Vestur- og Norðurlands var togað nokkrum sinnum í Jökuldjúpi og í Kolluál hinn 8. september en þar öfluðust um 100 kg á togtíma en aðeins fékkst vottur í Jökuldjúpi.

Í fyrsta rækjuleiðangri á úthafinu á árinu 1976, sem aðallega var þó innfjarðaleiðangur til Austfjarða, var togað fjórum sinnum í Bakkaflóadjúpi dagana 4. og 5. apríl og var rækju ekki vart í teljandi mæli. Einnig var togað í eitt skipti út af Berufirði án árangurs.

Í leiðangri r/s Drafnar til Breiðafjarðarmiða síðara hluta júní var togað tvisvar sinnum í Kolluál hinn 29. júní. Að jafnaði fengust um 100 kg á togtíma af stórri rækju; fóru um 176-190 stk. í kg. Í leiðangri r/s Drafnar frá 23. ágúst-9. sept. var m.a. togað í Húnaflóaál, Eyjafjarðarál, Kolluál og Jökuldjúpi. Í fjögur skipti var togað í Húnaflóaál hinn 30 ágúst. Afli á togtíma reyndist að jafnaði um 11 kg og fóru um 152-174 stk. í kg. Í Eyjafjarðarál var togað tvisvar hinn 1. sept. og var afli á togtíma aðeins um 9 kg og fóru 170-194 stk/kg. Í Kolluál var togað tvisvar hinn 7. sept. og var meðalafli á togtíma um 80 kg. Fjöldi rækju í kg var frá 170-200 stk.

Í Jökuldjúpi var togað þrisvar hinn 8. september 1976 og var afli á togtíma aðeins um 4 kg að jafnaði. Um 236-280 rækjur fóru í kg. Dagana 25. og 26. sept. 1976 var r/s Bjarni Sæmundsson við þorskrannsóknir á djúpslóð, og var m.a. togað á Stredebanka og öfluðust allt að þremur körfun í hali af mjög stórri rækju í fiskivörpu. Leiðangurstjóri var Sigfús Schopka og skipstjóri

Sæmundur Auðunsson (117). Í loðnuleit sama skips frá 10. okt.-1. nóv. var togað sex sinnum dagana 17. og 18. október á austurkanti Dohrnbanka með klæddri fiskivörpu og var rækjuriðill í klæðningu. Mest aflaðist um 150 kg af rækju á togtíma, minnst aðeins vottur, en að jafnaði um 60 kg. Rækjan var mjög stór, og er þess getið, að úr einu togi hafi farið 50 stk. í kg. Leiðangurstjóri var Hjálmar Vilhjálmsson og með honum Páll Reynisson og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Sæmundur Auðunsson (96).

Frá 14.-25. nóv. voru þeir Guðni Þorsteinsson og Markús Guðmundsson veiðiefirlitsmaður með í veiðiferð á b/v Guðbjörgu ÍS 46, og var aðallega veitt út af Kögri og suðvestan þess. Tilgangurinn var m.a. að athuga áhrif mismunandi riðils á aflasamsetningu. Í skýrslu um leiðangurinn segir Guðni: "Að tilhlutan nokkurra rækjumanna á Ísafirði var sérstakur rækjupoki með í ferðinni..... Ekki kom þó til, að poki þessi yrði notaður, þar sem rækju varð hvergi vart". Skipstjóri var Ásgeir Guðbjartsson (97).

Frá 2.-18. des. var r/s Hafþór við rækjuleit fyrir Austfjörðum, bæði innfjarða sem á djúpmiðum. Í Hornafjarðardjúpi var togað í átta skipti, í einu togi fengust 20 kg á togtíma, annars aðeins vottur eða ekkert. Fjöldi rækju í kg var 180 stk. Mikill fiskur var á svæðinu. Í Lónsdjúpi var togað einu sinni án árangurs. Í Berufjarðarál var togað tvisvar, í öðru toginu fengust 2 kg/togt., í hinu ekkert. Fjöldi rækju í kg reyndist 128 stk. Langmest var togað djúpt í Reyðarfjarðar- Norðfjarðar- og Seyðisfjarðardjúpum, á svokölluðu Rauða torgi, eða alls 19 sinnum. Í 14 toganna fékkst rækjuafli, mestur um 120 kg/klst, en að jafnaði um 60 kg á togtíma, og fóru um 128-214 stk. í kg, að jafnaði um 164 stk. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og Gunnar Hilmarsson til aðstoðar. Skipstjóri var Gunnar Auðunsson (98).

Eins og fyrr hefur verið getið veitti Alþingi aukalega talsverðu fé til "fiskverndar" vorið 1976. Langmestur hluti þess fjár fór til fiskleit, en um einn sjötti hluti heildarframlagsins fór til rækjuleitar á djúpslóð. Í yfirliti um "Rækjuleit á djúpslóð 1976-1978" segir Sólmundur Einarsson m.a.: "Þessu fé var varið til að útbúa 4 skip veiðarfærum og tækjum ásamt til leigu á þeim.... Í þessari leit var áhersla lögð á djúpslóð norðanlands, þar sem þar hafði víða orðið vart rækju í fyrri leiðöngrum á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Einig var leitað nýrra rækjumiða bæði fyrir Vestur- og Austurlandi. Fljótlega bar þessi leit góðan árangur, og fengu skipin þökkalegan afla. Þar sem ekki var um beina leit að ræða heldur nokkurs konar tilraunaveiðar þá var veitt langtímum saman á þeim stöðum þar sem veiðanlegt rækjumagn fékkst. Þetta fyrirkomulag hamlaði vissulega leitinni." (99). Leiguskipin voru Dagný SI-70, Sólborg SU-202, Höfrungur II GK-27 og Langanes PH-321. Leitin stóð yfir frá 20. júní-14. október. Dagný var að leit frá

20 júní-8. júlí og kannaði miðnorðursvæðið frá Sporðagrunni að Sléttugrunni og allt norður fyrir Kolbeinsey. Fyrsta veiðiferðin stóð frá 20.-24.júní. Var togað í rúmar 48 klukkustundir og fengust að jafnaði um 243 kg á togtíma. Fjöldi rækju í kg var 122-164 stk. Önnur veiðiferðin var farin dagana 24.-28. júní. Var togað í 55 klukkustundir og var meðalafli á togtíma um 179 kg. Fjöldi rækju í kg var frá 148-240 stk. Þriðja veiðiferðin stóð frá 29.júní-3. júlí. Togað var í 134 klukkutíma, að meðaltali fengust um 135 kg. á togtíma. Sem fyrr var rækjan stór, 162-192 stk. fóru í kg.

Fjórða og síðasta veiðiferðin stóð frá 5.-8.júlí. Var togað í 46 klukkutíma og var meðalafli um 298 kg/klst. Rækjufjöldi í kg var frá 130-207 stk. Frá Hafrannsóknastofnun var Guðni Þorsteinsson en skipstjóri á Dagnýju var Kristján Rögnvaldsson (100).

Sólborg leitaði frá 1. júlí-20 júlí. Fyrstu ellefu dagana var leitað frá Hala að Eyjafjarðarál, en því miður finnast engin gögn um aflabrogð á þeim dögum. Dagana 11.-24. júlí var togað út af Austfjörðum, frá Héraðsflóa suður í Berufjarðarál, einna mest á Rauða torginu svokallaða, alls 24 tog. Afli var rýr, um 490 kg í tólf toganna, í sex toganna fannst aðeins vottur af rækju og í jafn mörgum var ekkert. Hins vegar var rækjan nokkuð stór, fóru um 132-298 stk/kg. Í fyrri hluta var Sverrir Jóhannesson með í veiðiferð frá Hafrannsóknastofnun, en í síðari hluta Guðmundur Sk. Bragason. Skipstjórar voru Hermann Steinsson og Ólafur Gunnarsson.

Höfrungur II var við leit frá 1.-15. júlí. Fyrsta veiðiferðin stóð frá 3.-5. júlí. Togað var í Djúpál, Reykjafjarðar- og Húnaflóaál, alls 14 sinnum. Rækjuafli varð um 5,4 tonn, að jafnaði um 120 kg á togtíma. Hér var um stóra rækju að ræða og fóru frá 170-210 stk í kg. Önnur veiðiferð stóð frá 7.-9. júlí og var eingöngu togað í Húnaflóaál, alls í 11 skipti. Rækjuafli varð tæp 9 tonn, að jafnaði um 237 kg/klst. Fjöldi rækju í kg var frá 140-174 stk. Þriðja veiðiferðin var frá 11.-13. júlí og var veitt á Þverálssvæðinu (Norðurkanti) (6 tog), á Strandagrunni (1 tog), N og NV af Kolbeinsey (2 tog), í Húnaflóaál (3 tog) og í Eyjafjarðarál (1 tog), alls 13 sinnum. Rækjuafli varð um 8,3 tonn, þótt ekkert aflaðist í fimm togum þar eð varpa rifnaði. Að meðaltali veiddust um 362 kg á togtíma í þeim togum sem eitthvað veiddist í. Rækjan var stór sem fyrr, frá 150-190 stk. í kg. Fjórða veiðiferðin stóð í tvo daga, 15. og 16. júlí. Var togað þrisvar í utanverðum Djúpál án teljandi árangurs og þrisvar í Kolluál. Þar fengust um 500 kg af rækju, að jafnaði um 70 kg/klst, og fóru um 140 stk í kg. Í fimmtu og sjöttu veiðiferð, 21.-26. júlí, var eingöngu veitt í Kolluál og alls togað þar 17 sinnum. Alls veiddust 2860 kg af rækju eða um 64 kg að jafnaði á togtíma. Fjöldi í kg var frá 144-172 stk. Í sjöundu og áttundu veiðiferð, frá 4.-12. ágúst, var togað í Húnaflóa- og Reykjafjarðarál og á Strandagrunni, alls 25 tog. Að jafnaði veiddust um 674 kg af rækju í togi og

meðalveiði var um 222 kg á togtíma. Í 18 skipti er þess getið, að veiðst hafi talsvert af þorski, alls 2950 kg, eða um 164 kg í togi að jafnaði. Eitt sinn er þess getið, að fjöldi rækju í kg hafi verið 156 stk. Níunda og tíunda veiðiferð stóð frá 14.-18. ágúst og var togað á sömu svæðum og í síðustu tveimur veiðiferðum. Alls var togað 18 sinnum. Meðalrækjuveiði í togi var um 600 kg, og að jafnaði veiddust um 162 kg á togtíma. Fjöldi rækju í kg var talinn 4 sinnum. Í Húnaflóaál reyndist hann frá 152-162, og í Reykjafjarðarál 174.

Í tveimur næstu veiðiferðum - sem og í upphafi þeirrar þrettánda - þ.e. frá 28. ágúst til 7. sept., var togað á sömu slóðum, alls 28 sinnum. Alls öfluðust 5835 kg af rækju, að jafnaði um 216 kg í togi, en meðalveiði á togtíma var nú aðeins um 58 kg. Þorskafla er getið í 24 togum, alls 3850 kg, eða að jafnaði um 160 kg. í togi.

Í þarnæstu tveimur veiðiferðum, er stóðu frá 8.-15.sept. var eingöngu veitt á Þverálssvæðinu (Norðurkanti), alls 23 sinnum. Alls veiddust 12600 kg af rækju eða að meðaltali um 550 kg í togi, og var meðalveiði á togtíma um 152 kg. Sem fyrr var hér um mjög stóra rækju að ræða, fóru 160-188 stk. í kg, að jafnaði um 172 stk. Þorskafla er aðeins getið í fjórum togum, alls 180 kg og grálúðu í tveimur, alls 1400 kg. Næsta veiðiferð var farin 27.-29. sept. Fyrst var togað í Húnaflóaál, í einu togi þar fengust um 57 kg af rækju á togtíma, fjöldi í kg var 162 stk. Þá var togað NA af Sporðagrunni án teljandi árangurs. Frá 28. sept.-3. okt. var togað á Norðurkanti, alls 14 tog. Rækjuafli varð alls um 12 tonn, eða um 172 kg að jafnaði á togtíma. Rækjan var mjög stór, að meðaltali fóru um 156 stk. í kg. Tvær síðustu veiðiferðirnar, frá 5.-7. okt. og 13.okt. var veitt í Kolluál, Jökuldjúpi og við Eldey. Í Kolluál var togað sex sinnum, heildarafl varð þar 870 kg, að jafnaði aðeins um 38 kg/klst og rækjufjöldi í kg var um 160 stk. Í Jökuldjúpi og við Eldey fannst rétt vottur af rækju. Í þessum leiðöngrum Höfrungs II. voru þeir Sólmundur Einarsson, Ólafur Ástþórsson og Gunnar Hilmarsson frá Hafrannsóknastofnun, en skipstjórar voru Þorsteinn Óskarsson, Eðvarð Júlíusson og Ölver Skúlason.

Langanes PH 321 var við rækjuleit frá 6. ágúst-3. sept. Fyrstu þrjá dagana var togað í Þistilfjarðar- Langanes- og Bakkaflóadjúpi ásamt Héraðsflóa. Nokkuð fékkst af kolmunna og þorski, en rækju varð nánast ekki vart. Í Skjálfandadjúpi var togað tvisvar og öfluðust þar 280 kg af rækju, og fóru um 340 stk. í kg. Við Kolbeinsey vestanverða var togað frá 11.-13. ágúst, alls tólf sinnum og þar af fengust um 7250 kg af rækju í tíu togum, í átta toganna reyndist meðalafli um 190 kg á togtíma. Fjöldi rækju í kg var talinn í fimm skipti og var um 180 stk. Í þriðju ferðinni - frá 15.-19. ágúst - var fyrst togað fjórum sinnum í Haganesdjúpi og VSV af Kolbeinsey með rýrum árangri, aðeins 120 kg af rækju öfluðust og fóru um 200 stk í kg. Dagana 16.-18. ágúst var togað í Húnaflóaál, alls í 14 skipti.

Rækjuafli reyndist þar 5530 kg samtals, eða rösk 100 kg á togtíma. Fjöldi rækju í kg var um 160. Hinn 19. ágúst var togað fjórum sinnum á suðvestanverðu Kolbeinseyjarsvæðinu. Í þeim togum fengust um 3160 kg af rækju, afli á togtíma varð um 217 kg og meðalfjöldi í kg um 166 stk. Fjórða veiðiferðin stóð frá 24.-27. ágúst. Fyrst var togað í eitt skipti í Eyjafjarðarál, rækjuafli á togtíma var um 30 kg og fjöldi rækju í kg var 150 stk. Þá var farið á fyrrnefnt svæði við Kolbeinsey og togað þar tólf sinnum. Rækja veiddist í tíu togum, samtals 6300 kg eða að jafnaði um 143 kg/togtíma. Meðalfjöldi rækju í kg reyndist um 170 stk. Frá 30. ágúst- 3.sept. var veitt við Austfirði, aðallega djúpt í Seyðisfjarðar-Norðfjarðar- og Reyðafjarðardjúpum (svokallað Rauða torg). Togað var tólf sinnum á þessu svæði, rækjuafli fékkst í átta togum, samtals 480 kg, og meðalafli á togtíma varð aðeins um 18 kg. Frá Hafrannsóknastofnun tók Sverrir Jóhannesson þátt í leit þesari en skipstjóri var Árni Helgason.

Þótt leit þessi hafi verið mikið bundin við gjöfulustu rækjusvæðin, og reyndar þróast upp í beina veiði, sýndi hún ótvírætt, að arðbærar rækjuveiðar mátti stunda á þeim miðum sem höfðu fundist í könnunum Hafrannsóknastofnunarinnar og út frá þeim. Bestu veiðisvæðin reyndust við Kolbeinsey, í Húnaflóaál og á Pverálssvæðinu (Norðurkanti).

Yfirlit um árangur leitarinnar er að finna í Skýrslu um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar 1976. Þótt ýmislegt hafi farið úrskaiðis í leitinni, flest af óviðráðanlegum ástæðum, telur Ingvar Hallgrímsson í bréfi til Sjávarútvegsráðuneytisins frá 9. des. 1976 að "þegar á heildina er litið, verður þó ekki annað sagt en að rækjuleit á djúpslóð á sl. sumri hafi gefið allgóða raun og þar á meðal vonir um, að rækjuveiði á djúpslóð við Ísland eigi framtíð fyrir sér". Á djúpslóðinni var rækjuveiði stunduð meira og minna allt árið 1976 af 1-3 bátum og nam heildarveiðin um 315 tonnum.

1977

Fyrsti rækjuleiðangur ársins 1977 var farinn á r/s Dröfn frá 29. janúar-3. febrúar. Togað var þrettán sinnum frá Selvogsleir að Háfadjúpi. Hvergi varð vart við rækju að neinu ráði nema í Háfadjúpi, þar sem rækja fannst í tveimur togum af fjórum. Í öðru toginu fengust 17 kg á togtíma en 55 í hinu. Var rækjan mjög stór, og fóru aðeins um 94 stk í kg. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og með honum var Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Í fyrri hluta mars var r/s Dröfn við rækjuathuganir, aðallega innfjarða austan- norðan- og vestanlands, en ellefu sinnum var togað á djúpslóð út af Austfjörðum: í Berufjarðarál, Seyðisfjarðardjúpi, Héraðsflóa- og Bakkaflóadjúpi. Á tveimur

síðasttöldu svæðunum varð aðeins vart rækju, mest um 10 kg á togtíma. Fjöldi rækju í kg var um 130-140 stk. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og til aðstoðar Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson. Í rækjuleiðangri r/s Drafnar til Arnarfjarðar og Vesturlandsmiða um mánaðarmótin mars-apríl var togað átta sinnum í Kolluál og Jökuldjúpi. Í Kolluál aflaðist frá 20-100 kg á togtíma og var fjöldi rækju í kg frá 176-296 stk. Í Jökuldjúpi fékkst aðeins rækja í einu togi, 23 kg á togtíma og reyndust 258 stk fara í kg. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og til aðstoðar Gunnar Hilmarsson og Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Næsti rækjuleiðangur á djúpslóð var farinn á r/s Árna Friðrikssyni frá 13. apríl- 6.mái. Fyrst var togað í Berufjarðarál og fengust þar um 30 kg af rækju í togi, í utanverðum álnum fannst þó engin rækja. Á kanti Breiðdalsgrunns og við Hvalbak var einnig togað en án árangurs. Utarlega í Norðfjarðardjúpi og austur af Tangaflaki reyndist rækjuafli sáralítill eða enginn. Einnig var togað á norðan- og austanverðum Þórsbanka, en togbúnaður bilaði og háði það mjög leiðangrinum. Út af Mjóafirði var einnig togað, án árangurs, en á suðurkanti Glettinganessgrunns fengust mest um 40-60 kg af stórri rækju á togtíma á 350-370 m dýpi. Á norðurkanti Grunnsins og í Héraðsflóadjúpi reyndist afli smávægilegur eða enginn. Einnig var togað út af Digranesi, í Bakkaflóa og Þistilfjarðardjúpi án teljandi árangurs. Á útköntum Sléttugrunns og út af Mánáreyjarhrygg var einnig togað án verulegs árangurs. Við Grímsey var einnig reynt og á utanverðu Sporðagrunni, en veiðarfæri voru í ólagi, þrátt fyrir endurteknar viðgerðir og reyndist afli svo til enginn. Leiðangurstjóri var Ingvar Hallgrímsson og til aðstoðar Guðmundur Sv. Jónsson. Skipstjóri var Kristján Jónsson (101).

Eitt leiguskip var fengið til rækjuleitar á djúpslóð sumarið 1977, og var það m/s Höfrungur II GK 27. Var hann við leit fyrir Norðurlandi frá 30. maí-23. júní. Fyrst var togað fjórum sinnum í Djúpál án teljandi árangurs. Á Þverálssvæðinu (Norðurkanti) var togað 23 sinnum og reyndist afli að jafnaði um 57 kg á togtíma. Fjöldi rækju í kg var frá 120-220 stk. Talsvert veiddist einnig af grálúðu. Í Húnaflóaál var togað í tíu skipti, meðalrækjuafli á togtíma var 72 kg og stærðardreifing rækjunnar sú sama og í Þverál. Tvisvar var togað norður af Kolbeinsey og var meðalafli á togtíma 82 kg. Um 160 rækjur fóru í kg. Sex sinnum var togað við Grímsey og í Eyjafjarðarál, í einu toganna fannst aðeins vottur af rækju, í hinum reyndist aflinn um 80 kg af rækju á togtíma. Fjöldi í kg var 152-196 stk. Talsvert var af grálúðu í afla. Á svæðinu austan Eyjafjarðar, þ.e. frá Hólsgrunni austur á móts við Bakkaflóadjúp, var togað sautján sinnum. Á þessu svæði fengust að jafnaði um 70 kg á togtíma, og fjöldi rækju í kg var frá 150-264 stk. Í Bakkaflóadjúpi

var togað tvisvar, en þar var árangur mun lakari eða um 30 kg af rækju að jafnaði á togtíma.

I. tafla, sem er eftir Sólmund Einarsson, sýnir þau tog er bestan árangur gáfu. Frá Hafrannsóknastofnun var Sólmundur Einarsson í þessum leiðangri. Skipstjórar voru Þorsteinn Óskarsson og Ölver Skúlason.

I. Tafla

Rækjuleit Höfrungs II, GK-27, fyrir Norðurlandi í maí-júní 1977
(tog sem báru helst árangur)

Staður (breidd, lengd)	Dýpi (m)	Rækja		Svæði
		Kg/klst.	Fj/kg	
6726-2224	458-412	87	132	Norðurkantur
6715-2204	384-287	245	120	"
6714-2204	370-340	200	140	"
6723-2210	434-243	133	144	"
6723-2206	425-430	243	160	"
6725-2127	412-461	75	208	"
6722-2144	489-494	113	160	"
6646-2029	406-412	67	120	Húnaflóaáll
6651-2003	388-412	138	180	"
6647-2026	403-368	63	170	"
6640-2046	371-382	63	150	"
6644-2027	381-393	128	180	"
6651-2008	339-357	60	220	"
6734-2034	425-370	90	140	"
6705-2011	278-293	100	130	"
6701-2009	287-293	71	150	"
6731-1851	425-430	100	160	N af Kolbeinsey
6725-1856	430-467	63	160	"
6641-1747	415-408	147	196	Grímsey
6708-1416	443-461	50	226	Langanesdjúp
6713-1436	408-434	100	224	N- af Þistilgrunni
6714-1447	421-	138	220	"
6641-1739	?	85	170	Skjálvandadjúp

Fyrri hluta ágústmánaðar var r/s Dröfn m.a. við rækjuleit austanlands bæði á fjörðum og utan þeirra. Utan fjarða var togað í Hornafjarðardjúpi, Berufjarðarál, Reyðarfjarðar-, Norðfjarðar- og Seyðisfjarðardjúpi ásamt Héraðsflóa. Afli var alls staðar rýr, mest um 30 kg/klst, en rækjan var stór, um 104-184 stk fóru í kg. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og til aðstoðar Þorsteinn Jónsson og Jón Sigurðsson.

Síðast í ágúst 1977 var r/s Dröfn við rækjuathuganir og hörpudisksleit vestanlands, m.a. var togað nokkrum sinnum á djúpslóð. Í Kolluál var togað þrisvar sinnum og fengust að jafnaði um 23 kg á togtíma, og taldist rækjan frá 194-210 stk í kg. Einnig var togað á Hornbanka, Strandagrunni utanverðu og í vesturkanti Húnaflóaáls, en án teljandi árangurs. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og til aðstoðar Sigfús Jóhannesson, Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Í loðnuleiðangri r/s Hafþórs í seinni hluta september var togað þrisvar djúpt á Strandagrunni og varð afli mestur um 20 kg á togtíma. Leit þessari var síðan haldið áfram á r/s Bjarna Sæmundssyni frá 18.-24. september. Djúpt í Húnaflóaál var togað fimm sinnum og fannst alls staðar rækja, mest 100 kg á togtíma, og var fjöldi rækju í kg um 122 stk. Fjórum sinnum var togað NA af Strandagrunnshorni, þar fékkst alls staðar rækja, mest 110 kg á togtíma og reyndist fjöldi rækju í kg frá 180-192 stk. Norður af Sporðagrunni fannst hins vegar aðeins vottur af rækju. Ellefu sinnum var togað á Kolbeinseyjarsvæðinu, aðallega djúpt NV af eygni, og var rækja í öllum togum. Mest fengust um 140 kg á togtíma, en að jafnaði um 70 kg. Fjöldi í kg var frá 154-208 stk. Einnig var togað á nokkrum öðrum stöðum en án verulegs árangurs. Leiðangurstjóri var Gunnar Hilmarsson. Skipstjóri var Gunnar Auðunsson.

Á tímabilinu 6.-18. október. togaði r/s Hafþór eftir rækju í 22 skipti frá Kolluál að Húnaflóaál. Í Kolluál var togað fjórum sinnum, og var rækjuafli mestur um 30 kg á togtíma og var fjöldi rækju í kg frá 174-190 stk. Í Vikinu á Kögurgrunni var togað tvisvar. Í fyrri toginu fannst aðeins vottur af rækju, en í því seinna fengust um 150 kg á togtíma og var fjöldi rækju í kg 124 stk. Út af Kögurgrunni, Hornál og Horngrunni var togað níu sinnum. Í sex togum fékkst rækja frá 20-100 kg á togtíma, í þremur var aðeins vottur. Fjöldi rækju í kg var frá 128-134 stk. Í Þverál (Norðurkanti) var togað tvisvar, í öðru toginu var rækjuafli um 50 kg á togtíma, hinu ekkert. Fimm sinnum var togað djúpt í Húnaflóaál, í þremur togum var afli frá 20-50 kg á togtíma, annars aðeins vottur. Leiðangurstjóri var Sólmundur Einarsson og til aðstoðar Gunnar Hilmarsson. Skipstjóri var Ragnar Hermannsson.

Á árinu 1977 var engin rækjuveiði við Eldey, enda mælti Hafrannsóknastofnun gegn þeim.


Þótt a.m.k. 15 bátar hafi komið við sögu úthafsveiða á rækju á árinu, aðallega um sumarið, munu aðeins um 3 bátar hafa sótt miðin meira og minna allt árið, enda hamlaði hafís talsvert veiðum. Heildarveiði rækju á úthafinu mun hafa orðið nálægt 1000 tonnnum, og drýgst reyndist veiðin á Grímseyjarmiðum.

1978

Fyrsti rækjuleitarleiðangur á djúpslóð á árinu 1978 var farinn á r/s Hafþór frá 20. janúar-9. febrúar. Var togað á 33 stöðum á djúpköntum út af Vestfjörðum og Norðurlandi vestanverðu (Norðurkanti) á 300-600 m dýpi. Rækja fékkst í 23 togum, að jafnaði um 100 kg á klukkustund. Hér var um stóra rækju að ræða, um 124-226 stk. í kg. Veður hamlaði talsvert leit í leiðangrinum. Leiðangurstjóri var Sólmundur T. Einarsson og með honum þeir Gunnar Hilmarsson og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Gunnar Auðunsson.

Á vorþingi 1978 var samþykkt þingsályktunartillaga um "tafarlausar ráðstafanir til aukinnar leitar og rannsókna á djúprækjumíðunum fyrir Norðurlandi, 31. mál", og bað Alþingi um umsögn Hafrannsóknastofnunar um málið. Í svari stofnunarinnar dagsettu 15. mars er rakinn gangur rækjuleitar á djúpslóð fram til þess tíma, en um þingsályktunartillöguna sjálfa segir m.a. svo: "Eins og áður hefur verið dregið á, hefur rækjuleit á djúpslóð mestmegns verið fólgin í einstökum leiðöngrum, oft stuttum og hefur þá ekki fengist það heildaryfirlit sem skyldi. Til þess að svo megi verða, er nauðsynlegt að hafa gott leitar skip - annað hvort rannsóknaskip eða leiguskip - sem sinni rækjuleit samfelld í nokkra mánuði, svo sem gert hefur verið um árabíl við aðra leit, t.d. loðnuleit. Á annan hátt verður ekki skorið úr því, hve gjöful rækjumíð kunna að vera á djúpslóð hér við land". Stjórn Hafrannsóknastofnunar sendi Alþingi yfirlit um rækjuleit á djúpslóð fyrir Norðurlandi, og lagði til að "fengið sé gott togskip er stundi samfellda og vel skipulagða leit í 3 mánuði". Í framhaldi af þessu leigði Sjávarútvegsráðuneytið togarann Dalborgu EA 317 til 30 daga leitar frá 2. maí að telja enda tókst ekki að fá neitt rannsóknaskip til leitarinnar (102). Leitað var vestur undir miðlínu milli Íslands og Grænlands, á Dohrnbanka-svæðinu og norðan þess (á Stredebank). Mun þetta í fyrsta sinn sem leitað var rækju á þessu svæði, en áður hafði hennar orðið vart þarna í fiskivörpur rannsóknaskipa. Auk þess var leitað djúpt og grunnt á landgrunnsköntunum frá Jökuldjúpi norður um að Seyðisfjarðardjúpi, sem og utan kantanna bæði vestan- og norðanlands.

Í fyrri hluta leiðangursins (8. mynd) var m.a. togað dagana 6.-10 maí við fyrrgreinda miðlínu á Dohrnbanka og norðan hans, samtals 32 tog. Í 15 toganna fékkst enginn rækja en í 17 togum veiddist rækja, frá nokkrum kg upp í 424 kg á togtíma. Að jafnaði var rækjuaflinn 115 kg á togtíma. Rækja þessi var mun stærri en á íslenska landgrunninu og á köntum þess, og fóru frá 50-100 stk í kg, að meðaltali um 73 stk í kg.



8. mynd. Togstöðvar í fyrri hluta rækjuleitar b/v Dalborgar, EA-317, í Grænlandssundi í maí 1978. Árangri leitarinnar var haldið leyndum.

Til samanburðar má geta þess, að í seinni hluta leiðangursins, frá 18. maí-2. júní, var togað á íslenska landgrunninu og köntum þess frá Húnaflóaál og austur að Vattarnesi, og í þeim togum, sem þar báru bestan árangur, veiddust að jafnaði um 100 kg af rækju á togtíma og fóru að meðaltali um 195 stk í kg. Leiðangurstjórar voru Ingvar Hallgrímsson í fyrri hluta leiðangursins og Sólmundur T. Einarsson í síðari hluta. Auk þeirra tók Jón Logi Jóhannsson þátt í öllum leiðangrinum, en hann hafði m.a. kynnst rækjuveiðum við Vestur-Grænland. Þar nota rækjutogarar svokallaðar stroffur á fiskilínu til þess að forðast grjót og svamp í vörpuna, og útbjó Jón Logi vörpu Dalborgar á þann veg og gafst það mjög vel (103). Skipstjóri á Dalborgu var Snorri Snorrason.

Þar sem ekki var ástæða til að ætla annað en að rækja fyndist jafnframt Grænlandsmegin við miðlínuna, mátti búast við, að erlend veiðiskip flyktust á miðin, og var því ákveðið, að beiðni Sjávarútvegsráðuneytisins, að skýra ekki opinberlega frá árangri leitarinnar að svo stöddu. Þetta varð til þess, að Íslendingar sátu einir að rækjumiðunum á Dohrnbankasvæðinu fram á haust 1978. Þrátt fyrir það var Dalborg eina skipið sem stundaði rækjuveiðar á þessu svæði sumarið og haustið 1978. Í júní og júlí varð meðalafli skipsins um 190 kg á togtíma og um 90 % rækjunnar fóru í stærðarflokkinn 70-90 stk/kg (102). Til stóð að leigja skipið á ný til rækjuleitar um haustið, en skipið fékkst ekki leigt, enda við rækjuveiðar á þessum tíma eins og fyrr er sagt.

Í vorleiðangri r/s Bjarna Sæmundssonar var togað eftir rækju með klæddri fiskivörpu á Dohrnbanka og norðan hans hinn 27. maí, en aðeins fengust um 10 kg af mjög stórri rækju (104).

R/s Dröfn togaði 12 sinnum á Eldeyjarmiðum dagana 13. og 16. apríl. Aðeins í þremur toganna fékkst umtalsverður afli, frá 43-110kg á togtíma, og í þessum afla reyndist fjöldi rækju í kg frá 168-194 stk, en ýsuafli var um 158 ýsur á togtíma, sem svarar til 2225 ýsa á rækjutonn. Meirihluti ýsunnar var eins árs en þriðjungur tveggja ára og eldri. Leiðangurstjóri var Unnur Skúladóttir og til aðstoðar Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Frá 29. apríl-1. maí var r/s Dröfn enn við athuganir á Eldeyjarsvæðinu og var togað á 14 stöðum. Rækjuafli var svipaður og fyrr, um 47-90 kg/klst þegar best lét, en ýsuafli mun minni en áður, eða rúmlega 1000 ýsur á hvert tonn af rækju miðað við allt svæðið, en aðeins 665 ýsur miðað við skárstu tog. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og með honum Þorsteinn Jónsson og Gunnar Hilmarsson. Skipstjóri var Gunnar Jónsson. Nokkru eftir þennan leiðangur hófust rækjuveiðar við Eldey eftir þriggja ára hlé, en aðeins munu 3 bátar hafa stundað þær. Dagana 2.-7. júní 1978 togaði r/s Dröfn 17 sinnum við Eldey, í Jökuldjúpi og Kolluál. Rækjuafli var alls staðar óverulegur, mest fékkst í Jökuldjúpi, 25 kg á togtíma. Rækjan var smá, 260 stk fóru í kg, en stærst var hún í Kolluál, 178 stk/kg. Leiðangurstjóri var Einar Jónsson og með honum Erlingur Hauksson og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Dagana 22. júní-6.júlí var r/s Dröfn við rækjuleit á djúpslóð norðanlands frá Þverál að Kolbeinsey. Í Þverál utanverðum (Norðurkanti) var togað tíu sinnum, í tveimur togum fannst aðeins vottur af rækju, en í hinum átta var afli á togtíma um 24 kg að jafnaði, og fjöldi rækju í kg var um 142 stk. Í Djúpál var togað í tvígang en án árangurs. Í Reykjafjarðarál var einnig togað tvisvar en árangurslaust. Í Skagafjarðardjúpi var togað í sex skipti, í tveimur fannst aðeins vottur af rækju, en í fjórum togum reyndist

afli á togtíma um 16 kg að meðaltali og fjöldi rækju í kg um 168 stk. Í Eyjafjarðarálf var togað sjö sinnum, í tvö skipti fannst aðeins vottur af rækju, en í fimm togum var meðalafli á togtíma um 23 kg og fjöldi rækju í kg um 150 stk. Við Grímsey og Kolbeinsey var togað tvisvar á hvoru svæði, á fyrrnefnda svæðinu fengust um 17 kg að jafnaði á togtíma og var fjöldi í kg um 170 stk., en á því síðarnefnda fengust um 11 kg á togtíma að meðaltali, en þar var rækjan stærst, um 144 stk. fóru í kg. Leiðangurstjóri var Sigfús Jóhannesson og með honum Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Dagana 9. og 10. ágúst togaði r/s Dröfn sex sinnum á Eldeyjarsvæðinu. Afli á togtíma var frá 30-100 kg, að jafnaði um 72 kg, en fjöldi í kg var rúmlega 200 stk. Ýsu varð aðeins vart í einu toganna, en svolítið veiddist af öðrum fiski. Á árinu 1978 var einnig farið í allmörg skipti í róður með rækjubátum til athugana á svæðinu.

Fyrri hluta ársins fékk færeyski togarinn "Fame" leyfi til rækjuleitar í takmarkaðan tíma innan fiskveiðilögsögunnar. Togaði hann eftir rækju á Þórsbanka og í Þverál og norðan hans, en árangur varð lítil.

Á árinu 1978 nam heildaraflinn á djúpslóð norðanlands um 1360 lestum, á Dohrnbankasvæðinu um 364 lestum og við Eldey 215 lestum. Veiðar hófust í Eyjafjarðarálf, en afli á togtíma var mjög rýr. Engin veiði var í Kolluál.

Alls munu um 30 skip hafa fengið leyfi til rækjuveiða á djúpslóð 1978 en 26 nýtt sér leyfið.

1979

Fyrstu athuganir á árinu 1979 fóru fram á Eldeyjarsvæðinu 1. og 2. febrúar, er r/s Dröfn togaði þar. Rækjuafli var frá 5-150 kg á togtíma, að jafnaði um 32 kg. Þorskur og ýsa í afla var að meðaltali 370 stk á togtíma eða 11600 stk. á rækjutonn, en viðmiðunarmörk voru 3670 stk. á rækjutonn. Vegna þessarar miklu smáfiskgengdar var ekki leyft að hefja þar veiðar að sinni. Leiðangurstjóri var Sigfús Jóhannesson og með honum var Guðmundur Sv. Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson. Næst eru miðin könnuð 3. og 4. maí á r/s Dröfn. Rækjuafli reyndist jafnlítill sem fyrr, eða 33 kg á togtíma, smáþorskur sást ekki, en ýsa á 1. og 2. ári hafði fallið í 37 ýsur að jafnaði á togtíma eða um 580 stk á rækjutonn. Vottur af síld fannst nú í afla. Um 250 rækjur fóru að meðaltali í kg. Leiðangurstjóri var Sigfús Jóhannesson og með honum Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson. Eftir þennan leiðangur lagði Hafrannsóknastofnun til að leyfðar yrðu veiðar á Eldeyjarsvæðinu um óákveðinn tíma með eftirliti um borð í bátunum. Var svo gert, og sáu eftirlitsmenn Sjávarútvegsráðuneytisins og starfsmenn Hafrannsóknastofnunar

um þann þátt. Reyndist fjöldi fiskseiða ávallt undir viðmiðunarmörkum.

Hinn 20. október togaði r/s Dröfn nokkrum sinnum á Eldeyjarmiðum. Lítið var um humar og fiskseiði á svæðinu, og rækjuafli var misjafn, mestur um 120 kg á togtíma. Rækja var mjög smá, og fóru um 296-324 stk í kg., og hafði svo verið allt sumarið. Lagði Hafrannsóknastofnunin til, að rækjuvertíð lyki í lok mánaðarins. Leiðangurstjóri var Unnur Skúladóttir og með henni Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson. Um miðjan október hafði rækjuafli við Eldey náð um 530 lestum.

Frá 17.-30. mars 1979 var r/s Bjarni Sæmundsson við rækjuleit á djúpslóð frá Djúpál suður um að Háfadjúpi sem og á Dohrnbankasvæðinu. Ís hamlaði talsvert leitinni, t.d. var ís yfir öllum djúpmiðum norðanlands og í utanverðum Djúpál og Víkurál. Togað var í innanverðum Djúpál, en aðeins fannst vottur af rækju þar en engin í Víkurál. Togað var á ýmsu dýpi á Látragrunni og Breiðafjarðarfláka án árangurs, en í Kolluál fengust um 25-30 kg af rækju á togtíma. Í tvo daga var togað á Dohrnbankasvæðinu, en mikill ís var yfir norðurhluta þess, og varð rækju ekki vart. Haft var samband við þýska togara á svæðinu, en þeir höfðu ekki orðið rækju varir. Síðan var togað utarlega í Kolluál og á Jökultungu, en án árangurs. Í Jökuldjúpi var togað á ýmsu dýpi og varð vart við vott af rækju. Einnig var togað við Eldey, í Skerjadjúpi og í Grindavíkursjó en með litlum árangri. Loks var togað í Háfadjúpi og djúpt vestan Surtseyjar, en án teljandi árangurs (105). Leiðangurstjóri var Ingvar Hallgrímsson og með honum Guðmundur Sv. Jónsson og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Kristján Jónsson.

Á vorþingi 1979 var samþykkt þingsályktunartillaga "um aukna leit að djúpsjávarrækju fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi", og var tillagan send Hafrannsóknastofnun til umsagnar. Í svari stofnunarinnar kemur m.a. fram, að hér sé um "eitt af brýnustu verkefnum íslenskra hafrannsóknna" að ræða, en erfiðlega gekk að fá rannsóknaskip til leitarinnar. Í framhaldi af þessu var m/s Dagný SI-70, 385 tonna skuttogari, leigð til rækjuleitar á djúpslóð. Hófst leitinn hinn 20. júní, en þrem dögum síðar bilaði togvinda skipsins og var viðgerð ekki lokið fyrr en 10. júlí, er leit hófst á ný, og stóð þá til 21. júlí. Fyrir bilun var togað í Eyjafjarðarál, án árangurs, og við Kolbeinsey. Þar fengust um 100-200 kg af rækju á togtíma. Að viðgerð lokinni var togað víða á svæðum frá Kolbeinsey að Eldeyjarmiðum. NA af Kolbeinsey var togað níu sinnum, alls staðar var vottur af rækju, skást um 15 kg á togtíma. Frá Kolbeinsey og vestur á móts við Hala var togað 14 sinnum á djúpkantinum norður af Þverálssvæðinu (Norður- og Norðvesturkanti), en aðeins í fimm togum var afli teljandi, um 85 kg að jafnaði á togtíma. Víða fannst talsvert af grálúðu. Í Djúpál var togað í eitt skipti án árangurs. Á

Dohrnbankasvæðinu var togað níu sinnum, í fimm toganna var enginn rækjuafli, en í fjórum toganna reyndist aflinn að jafnaði um 476 kg á togtíma af mjög stórri rækju, og fóru um 60-76 stk í kg. Talsvert var af karfa í aflanum. Togað var suður með djúpköntum, í Kolluál, við Eldey og í Skerjadjúpi án teljandi árangurs. Í lok leiðangursins var togað nokkrum sinnum djúpt á köntum Strandagrunns og Sporðagrunns, og þar varð lítilsháttar vart rækju. Leiðangurstjóri var Sólmundur T. Einarsson og var Jón Bogason lengst af honum til aðstoðar. Skipstjóri var Viktor Jónsson.

Í leiðangri r/s Drafnar frá 16. júlí-1. ágúst, sem aðallega var til könnunar rækjusvæða innfjarða norðanlands, var einnig togað nokkuð á djúpslóð. Þrisvar sinnum var togað í Eyjafjarðarál og veiddust að jafnaði um 24 kg á togtíma og fóru um 132 stk í kg. Við Grímsey voru rækjubátar að veiðum, og var togað sjö sinnum utan miðanna, aðallega norðan eyjunnar og austan Hóls. Að jafnaði fengust þar um 63 kg af rækju á togtíma, og fóru að meðaltali um 260 stk í kg. Hófust þarna nokkrar veiðar. Þrisvar var togað austan Kolbeinseyjar. Þar reyndist afli að jafnaði um 53 kg á togtíma og fóru um 222 stk í kg að meðaltali. Rækjubátar voru að veiðum djúpt í Þverál (Norðurkanti), norðan lokaða hólsins, og var togað þar einu sinni. Öfluðust 113 kg af rækju á togtíma, og fóru aðeins um 128 stk. í kg. Í Húnaflóaál og Reykjafjarðarál var togað átta sinnum. Þar var rækjuafli öllu minni, að jafnaði um 24 kg á togtíma af stórra rækju, og fóru um 184 stk að jafnaði í kg. Leiðangurstjórar voru Einar Jónsson og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson (106).

Fram eftir sumri 1979 öfluðu rækjubátar vel út af austanverðum Þverál (Norðurkanti), en undir ágústlok var veiði farin mjög að tregast. Þá var hins vegar góð rækjuveiði á Dohrnbankasvæðinu, og sóttu nokkrir Ísafjarðarbátar og aðkomubátar á þau mið. Meðal þeirra var m/b Hamraborg GK 35 og fór Guðmundur Skúli Bragason útibússtjóri á Ísafirði með bátinum í einn róður á Dohrnbankasvæðið, en vegna veðurs gat báturinn aðeins togað þrisvar sinnum á svæðinu um mánaðarmótin ágúst-september. Meðalrækjuveiðin reyndist um 54 kg á togtíma af mjög stórra rækju, og fóru að jafnaði um 75 stk í kg. Skipstjóri var Jens Jensson (107).

Dagana 20.-22. sept. togaði r/s Bjarni Sæmundsson nokkrum sinnum á Dohrnbankasvæðinu en árangur var óverulegur, m.a. vegna veðurs.


Frá 5.-11. október var r/s Dröfn við rækjuleit og könnun austanlands, aðallega innfjarða, en utan þeirra var togað þrisvar sinnum í Bakkaflóadjúpi, tvisvar í Héraðsdjúpi og tvisvar út af Dalatanga. Á tveimur fyrrnefndu svæðunum fékkst rækja, að jafnaði um 40 og 47 kg á togtíma og reyndist fjöldi rækju í kg um 276 og 209 stk. Út af Dalatanga varð rækju ekki vart.

Leiðangurstjóri var Sólmundur T. Einarsson og með honum Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Í loðnuleitarleiðangri r/s Bjarna Sæmundssonar var togað átta sinnum eftir rækju dagana 15.-20. október norður af Þverál (Norðurkanti) og vestan hans. Fyrstu þrjú togin eru vart talin hafa verið marktæk, en í hinum fimm reyndist meðalafli á togtíma um 22 kg og fjöldi rækju í kg að jafnaði um 154 stk. Sigfús Jóhannesson sá um rækju í leiðangrinum. Skipstjóri var Sigurður Árnason (108).

Í lok nóvember 1979 togaði r/s Dröfn nokkrum sinnum í Kolluál og fékkst þar um 70 kg rækjuafli á togtíma, og mælti Hafrannsóknastofnum með opnun svæðisins.

Rækjuafli á djúpslóð féll nokkuð frá 1978-1979 þrátt fyrir aukna sókn, og varð alls um 1556 tonn á árinu 1979.



9. mynd. Togstöðvar í rækjuleit 1963-1988. Aðeins eru merkt tog þar sem afli náði 50 kg/klst eða meir.

1980

Á árinu 1980 var fyrsti leiðangur farinn á Eldeyjarmið dagana 10.-12. janúar á r/s Dröfn. Var togað fjórum sinnum á svæðinu - en hætta varð vegna veðurs - og reyndist rækjuafli að jafnaði um 42

kg á togtíma og var meðalstærð rækju um 194 stk/kg. Lítið var um fisk í afla, aðeins um 30 smáýsur á togtíma. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og með honum Þorsteinn Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson. Eldeyjarmið voru næst athuguð hinn 14. maí á r/s Dröfn í humarleidangri við Suðurströndina. Togað var þrisvar sinnum á svæðinu og var meðalafli á togtíma um 109 kg og fjöldi rækju í kg að jafnaði um 245 stk. Talsvert var um þorsk og ýsu í aflanum. Leiðangurstjóri var Hrafnkell Eiríksson og með honum Þorsteinn Jónsson og Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Frá 25.-27. ágúst var r/s Dröfn á ný við athuganir á Eldeyjarmiðum og var togað þar sjö sinnum. Að jafnaði veiddust um 123 kg af rækju á togtíma og var fjöldi í kg um 305 stk. Í skýrslu er ekki getið um smáfisk en hins vegar er getið um möttuldýr (*Salpa fusiformis*), sem reyndust veiðum til mikils trafala (109) og fundust einnig á rækjulsóð í Breiðafirði, en mikil mergð möttuldýra hafði einnig fundist á veiðisvæðunum suðvestanlands 1957 (110). Leiðangurstjóri var Einar Jónsson og með honum Sigurlína Gunnarsdóttir. Skipstjóri var Ingi Lárusson.


Hinn 24. október togaði r/s Dröfn fjórum sinnum á Eldeyjarmiðum. Að jafnaði veiddust um 170 kg á togtíma og meðalfjöldi rækju í kg reyndist um 246 stk. Sáralítið var af ýsu eða að jafnaði um 10 ýsur á togtíma. Leiðangurstjóri var Guðni Þorsteinsson og með honum Gísli Ólafsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Dagana 13.-26. apríl var r/s Dröfn við rækjukönnun norðanlands og vestan og var togað á úthafsmiðum frá Eyjafjarðarál að Kolluál. Skárstur árangur var á þremur svæðum: Á Grímseyjarmiðum og við Hól var togað fjórum sinnum og fengust að jafnaði um 43 kg á togtíma, meðalfjöldi rækju í kg var um 170 stk. Við Kolbeinsey var togað þrisvar, og var meðalafli um 144 kg á togtíma, meðalfjöldi rækju í kg reyndist um 200 stk. Í Kolluál var togað tvisvar, og var meðalafli um 55 kg á togtíma og að jafnaði um 142 stk. í kg. Á öðrum svæðum, þ.e. nyrst á Tjörnesgrunni, í Skjálfandadjúpi og Álkanti eystri, í Eyjafjarðarál, Húnaflóaál, Reykjafjarðarál og í Djúpál varð árangur mun lakari og sums staðar enginn svo sem í Skjálfandadjúpi. Leiðangurstjóri var Ingvar Hallgrímsson og með honum Guðmundur Sk. Bragason og Einar Jónsson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.

Frá 26.-28. maí var togað nokkrum sinnum eftir rækju í vorleiðangri r/s Bjarna Sæmundssonar. Fyrst var togað á Stredebanka (norðanverðu Dohrbankasvæðinu) án teljandi árangurs. Sömuleiðis norðarlega á Barðagrunni og Deildargrunni, bæði djúpt og grunnt, en árangurslaust. Loks var togað í norðanverðum Þverál (Norðurkanti) á 290-312 m dýpi og var rækjuafli þar um 180 kg í

klukkustundar togi, og var botnhiti þar um 0 stig. Leiðangurstjóri var Ingvar Hallgrímsson og skipstjóri Sigurður Árnason (111).

Frá 19.-31. júlí var r/s Dröfn við rækjukönnun norðanlands og vestan, og var togað frá Rífsbanka að Jökuldjúpi. Við Rífsbanka fannst aðeins vottur af rækju og fóru þar um 200 stk. í kg. Í Axarfjarðardjúpi fékkst einnig smáræði, um 6 kg á togtíma, þar fóru um 272 stk. í kg. Við Grímsey veiddust um 50 kg á togtíma og fóru um 288 rækjur í kg. Við Kolbeinsey fengust um 33 kg á togtíma, og fóru um 246 stk. í kg. Á öllum fyrrgreindum stöðum var aðeins togað einu sinni. Í Skagafjarðardjúpi var togað fimm sinnum og fengust að jafnaði um 48 kg af rækju á togtíma, og fóru um 195 stk. í kg. Í Húnaflóaál var togað í níu skipti, og var meðalafli um 50 kg á togtíma, 178 rækjur fóru að meðaltali í kg. Í Reykjafjarðarál var togað fjórum sinnum, og reyndist meðalafli um 11 kg á togtíma, og um 205 rækjur fóru að jafnaði í kg. Á Halamiðum var togað tvisvar, meðalafli var um 35 kg á togtíma, og um 144 stk. fóru í kg. Vestur af Deildargrunni fannst aðeins vottur af rækju og í Víkurál fannst engin. Í Kolluál veiddust um 55 kg að jafnaði á togtíma og fóru um 162 stk. í kg. Í Jökuldjúpi fengust um 40 kg á togtíma, þar var rækja mjög smá og fóru um 516 stk. í kg. Leiðangurstjóri var Sólmundur T. Einarsson og með honum var Sigfús Jóhannesson. Skipstjóri var Ingi Lárusson.



10. mynd. Rækjuafli við Ísland, innfjarða og á úthafi (djúpslóð), 1955-1991. Afli af Eldeyjarmiðum er hér talinn til innfjarðaveiða (Hrafnkell Eiríksson 1993).

Frá 5.-12. október var r/s Hafþór (RE 40) við rækjuathuganir á Dohrnbankasvæðinu og í norðanverðum Þverál (Norðurkanti). Á Dohrn var fyrst togað í námunda við þau íslensku skip, sem þar voru að rækjuveiðum, og var afli Hafþórs engu minni en þeirra.

Síðan var togað norðan veiðiflotans, en afli minnkaði mjög er norðar dró. Með leyfi yfirvalda var togað þrisvar sinnum vestan miðlínu milli Íslands og Grænlands en afli var rýr, 37 kg að jafnaði á togtíma, en rækja stór, 57 stk. fóru að meðaltali í kg. (112). Togað var á tuttugu stöðum á þessum miðum, fimm toganna voru ekki marktæk - varpa kom upp rifin - en í fimmtán toganna reyndist meðalafli rækju um 96 kg á togtíma og var rækjan mjög stór, 59 stk. fóru að jafnaði í kg. Á norðanverðu Þverálssvæðinu (Norðurkanti) var togað í tólf skipti, en í fjórum togum rifnaði varpan. Meðalafli á togtíma var 36 kg og fóru um 156 stk. af rækju í kg. Leiðangurstjóri var Ingvar Hallgrímsson og með honum Sigfús Jóhannesson og Gísli Ólafsson, Skipstjóri var Gunnar Auðunsson (113).

Dagana 18.-28. október 1980 var togarinn Dalborg EA 317 við rækjuveiðar á Dohrn-Stredebanksvæðinu. Með skipinu var Einar Jónsson frá Hafrannsóknastofnun og safnaði hann sýnum og athugaði rækju úr veiðinni. Togað var 42 sinnum og reyndist meðalafli um 65 kg á togtíma, og var það áþekkur afli og önnur veiðiskip fengu. Stærð rækjunnar var svipuð sem fyrr. Ís hamlaði talsvert veiðum vestast á svæðinu, en skipið hafði leyfi til veiða innan grænlenkrar lögsögu (114).

Fram til þessa tíma hafði rækjuveiði aldrei verið meiri við Ísland en árið 1980, eða samtals um 9.960 tonn. Þar af voru um 39 % heildarrækjuafllans eða um 3.895 tonn veidd á djúpslóð, og var aukning heildarveiðinnar öll komin þaðan. Eldeyjarmið og Jökuldjúp eru þó ekki meðtalin. Alls sóttu 63 bátar um veiðileyfi á djúpslóð og höfðu fleiri bátar aldrei áður stundað þar veiðar. Greinilegt var, að veiðarnar voru nú komnar af tilraunastiginu. Næstu tvö ár féll aflinn talsvert, en 1983 óx hann á ný og hélt sá vöxtur áfram allt til ársloka 1987, er hann féll til mikilla muna næstu tvö ár. Árið 1987 var í fyrsta sinn tekin upp stofnmæling rækju á úthafinu (115), enda má segja að þá hafi velflest úthafsækjumið verið þekkt. Eins og hér hefur verið rakið átti Hafrannsóknastofnunin mestan þátt í fundi þessara nýju miða.

Þakkir

Höfundur vill þakka forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Jakobi Jakobssyni, fyrir að veita tækifæri til að semja þessa ritgerð, svo og samstarfsmönnum á stofnuninni fyrir ýmsa hjálp, sérstaklega þeim Guðmundi Sv. Jónssyni og Ástþóri Gíslasyni.

Heimildir:

- (1) Jón Jónsson 1988: Hafrannsóknir við Ísland I. Frá öndverðu til 1937. Reykjavík.
- (2) Hansen H. J. 1908: Crustacea Malacostraca. The Danish Ingolf Expedition, Vol. III, 2. Copenhagen.
- (3) Grieg James 1926: Decapoda Crustacea from the West Coast of Norway and the North Atlantic. Bergens Museums Aarbok, Naturvitensk. Række Nr. 7, Bergen.
- (4) Schmidt Johs. 1904: Fiskeriundersøgelser ved Island og Færøerne. Skr. Komm. Havundersøgelser No.1. København.
- (5) Bjarni Sæmundsson 1936: Tíftettir skjaldkrabbar íslenskir. Náttúrufræðingurinn, VI. árg.
- (6) Bjarni Sæmundsson 1925: Fiskirannsóknir 1923-1924. Andvari L bindi.
- (7) Bjarni Sæmundsson 1935: Fiskirannsóknir 1933-1934. Andvari LX bindi.
- (8) Árni Friðriksson 1936: Kampalampi (*Pandalus borealis*). Náttúrufræðingurinn VI. árgangur.
- (9) Árni Friðriksson 1936: Fiskirannsóknir V. Ársrit Fiskifélags Íslands.
- (10) Stephensen K. 1939: Crustacea Decapoda. The Zool. of Iceland, Part 25. Copenhagen and Reykjavik.
- (11) Unnur Skúladóttir 1969: Rækjurannsóknir. Hafrannsóknir 1968. Skýrsla um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar 1968.
- (12) Árni Friðriksson 1937: Leit að nýjum aflamiðum. Skýrsla um störf Fiskimálanefndar 1935-1936.
- (13) Ásgeir Jakobsson 1980: Upphaf rækjuveiða héraendis. Ægir 11. tbl.
- (14) Ingvar Hallgrímsson 1961: Um rækjumiðaleit "Ásbjarnar". Ægir 17. tbl.
- (15) Aðalsteinn Sigurðsson 1961: Skýrsla til Atvinnumálaráðuneytisins um rækjuleitarleiðangur á v/b Fram AK 58, sept.-okt. 1961 (handrit).
- (16) Aðalsteinn Sigurðsson 1962: Rækjuleit við Norðurland 3.-11. mars 1962 (leiðangursskýrsla).
- (17) Ingvar Hallgrímsson 1963: Rækjuleit við Suðvesturland. 16.-22. ágúst 1963 (leiðangursskýrsla).
- (18) Unnur Skúladóttir og Hrafnkell Eiríksson 1970: Rækju- og skelfiskeit í Faxaflóa og Hafnaleir. Ægir 1.tbl.
- (19) Aðalsteinn Sigurðsson og Ingvar Hallgrímsson 1962: Áætlun um rækjuleit 1962. Skýrsla til Sjávarútvegsráðuneytisins (handrit).
- (20) Aðalsteinn Sigurðsson 1964: Rækjuleit við Norðurland. Ægir 19.-20. tbl.

- (21) Ingvar Hallgrímsson og Sólmundur T. Einarsson 1978: Rækjuleit og rækjuveiðar á djúpslóð. Ægir 10. tbl.
- (22) Unnur Skúladóttir 1966: Rækjuleit á Húanflóa. Ægir 16. tbl.
- (23) Gunnar Jónsson 1966: Rækjuleit á Breiðafirði. Ægir 17. tbl.
- (24) Guðni Þorsteinsson 1976: Veiðiaðferðir og veiðarfæri við rækjuveiðar. Hafrannsóknir 8. hefti.
- (25) Ólafur K. Pálsson and Guðni Thorsteinsson 1985: The Management of Juvenile Fish By-Catch in an Icelandic Shrimp Fishery. ICES, CM/K:47.
- (26) Gunnar Jónsson 1967: Rækjuleit við Norðurland í apríl-maí 1967. Ægir 13. tbl.
- (27) Hrafnkell Eiríksson 1968: Rækjuleit við Austurland. Ægir 21. tbl.
- (28) Ingvar Hallgrímsson 1961: Skýrsla til Atvinnuáráðuneytisins um rækjuleiðangur v/b Ásbjarnar júlí-ágúst 1961 (handrit).
- (29) Unnur Skúladóttir 1976: Stjórnun veiða. Sjómannaþlaðið Víkingur 9.-10. tbl.
- (30) Unnur Skúladóttir 1970: Rækjurannsóknir 1969. Hafrannsóknir 1969. Skýrsla um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar 1969.
- (31) Björgvin Arngrímsson 1969: Rækjuleit (leiðangursskýrsla).
- (32) Svend-Aage Malmberg 1980: Ástand sjávar og hafis við Ísland. Ægir, 6. tbl.
- (33) Unnur Skúladóttir og Hrafnkell Eiríksson 1970 Rækju- og skelfiskeit í Faxaflóa og Hafnaleir. Ægir, 1. tbl.
- (34) Guðni Þorsteinsson 1969: Veiðafærarannsóknir. Hafrannsóknir 1968. Skýrsla um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar 1968.
- (35) Guðni Þorsteinsson 1970: Rækjuleit r.s. Hafþórs fyrir Norðurlandi í desember 1969 og febrúar 1970 Ægir, 11. tbl.
- (36) Hrafnkell Eiríksson 1968: Rækjuleit við Austurland. (leiðangursskýrsla).
- (37) Guðni Þorsteinsson og Hrafnkell Eiríksson 1971: Hafrannsóknir 1970. Skýrsla um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar 1970.
- (38) Gunnar Jónsson 1970: Leiðangur HE 70. (leiðangursskýrsla).
- (39) Unnur Skúladóttir 1971: Rækjurannsóknir 1970. Skýrsla um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar 1970
- (40) Hrafnkell Eiríksson 1970: Leiðangur FA 70 (leiðangursskýrsla).
- (41) Verkamaðurinn 1970: 1. tbl. (22. febr.), Akureyri.
- (42) Hrafnkell Eiríksson 1971: Leiðangur HB 71. (leiðangursskýrsla).
- (43) Guðni Þorsteinsson 1971: Leiðangursskýrslur.

- (44) Aðalsteinn Sigurðsson og Ingvar Hallgrímsson 1962: Bréf til Sjávarútvegsráðuneytis dags. 29.8.
- (45) Halldór Hermannsson 1980: Upphaf og þróun rækjuveiða og vinnslu á Íslandi. Ægir, 73. árg. 2. tbl.
- (46) Guðmundur Gíslason Hagalín 1981: Þeir vita það fyrir vestan. Reykjavík.
- (47) Högni Torfason 1988: Saga lagmetisiðnaðarins. Reykjavík.
- (48) Vesturland 1924: 4. tbl. (30. júlí), Ísafirði.
- (49) Fiskiskýrslur og hlunninda árið 1924. Hagskýrslur Íslands 50. Reykjavík 1927.
- (50) Almanak handa íslenskum fiskimönnum 1924. Atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins. Reykjavík 1923.
- (51) Almanak Stjórnarráðsins 1925. Reykjavík 1924.
- (52) Íslenskt Sjómannalmanak 1926. Reykjavík 1925.
- (53) Íslenskt Sjómannalmanak 1927. Reykjavík 1926.
- (54) Sveinbjörn Egilsson 1923: Skipaskráin 1923. Ægir 12. tbl.
- (55) Þorsteinn Jónsson 1971: Leiðangursskýrsla. (handrit)
- (56) Hrafnkell Eiríksson 1971: Rækjuleit rs. Hafþórs við Vestur- og Norðvesturland í maí 1971. Ægir 19. tbl.
- (57) Ingvar Hallgrímsson 1971: Leiðangur B-6 1971. (leiðangursskýrsla).
- (58) Unnur Skúladóttir 1985: Rækjumerkingar við Ísland. Sjómannablaðið Víkingur 9.- 10. tbl.
- (59) Gunnar Jónsson 1971: Leiðangur B-9 71. (leiðangursskýrsla).
- (60) Hrafnkell Eiríksson 1972: Leiðangur H 2-72. (leiðangursskýrsla).
- (61) Hafranssóknir 1971 og 1972. Skýrsla um starfsemi Hafranssóknastofnunarinnar 1971 og 1972. 1973.
- (62) Gunnar Jónsson 1972: Leiðangur H 3-72. (leiðangursskýrsla).
- (63) Ingvar Hallgrímsson 1977: On the regulation of the Icelandic shrimp fisheries. ICES, C.M. K:37.
- (64) Gunnar Jónsson 1972: Leiðangur H 6-72. (leiðangursskýrsla).
- (65) Guðmundur Skúli Bragason 1972: Leiðangur SN-72 (leiðangursskýrsla).
- (66) Hrafnkell Eiríksson 1972: Leiðangur H-7-72 (leiðangursskýrsla).
- (67) Aðalsteinn Sigurðsson 1972: Rannsóknaleiðangur á Bjarna Sæmundssyni RE 30, 27. sept. til 10. okt (leiðangursskýrsla).
- (68) Sigfús Jóhannesson 1973: Rækjuleiðangur á Eldeyjarmið 14.- 15. 6. 1973. (leiðangursskýrsla).
- (69) Gunnar Hilmarsson 1973: Leiðangursskýrsla.
- (70) Sigfús Jóhannesson 1973: Rækjuleiðangrar 18-19/7 73. (leiðangursskýrsla).
- (71) Guðmundur Sk. Braagason 1973: Athuganir á magni smáfisks í rækjuafli á Eldeyjarmiðum. (leiðangursskýrsla).
- (72) Gunnar Jónsson 1973: Leiðangur H-10-73. (leiðangursskýrsla).

- (73) Guðmundur Sk. Bragason 1973: Leiðangur D-1-73. (leiðangursskýrsla).
- (74) Ingvar Hallgrímsson 1974: Rækjurannsóknir 1973. Skýrsla til Sjávarútvegsráðuneytisins.
- (75) Sólmundur Einarsson 1973: Leiðangur H-14-73. (leiðangursskýrsla).
- (76) Sólmundur Einarsson 1973: Leiðangur H-13-73. (leiðangursskýrsla).
- (77) Sólmundur Einarsson 1974: Leiðangur D-2-74. (leiðangursskýrsla).
- (78) Sólmundur Einarsson 1974: Leiðangur D-5-74. (leiðangursskýrsla).
- (79) Jakob Jakobsson 1974: A-8 leiðangur 1974. (handrit).
- (80) Sólmundur Einarsson 1974: Leiðangur D-9-74. (leiðangursskýrsla).
- (81) Guðni Þorsteinsson 1974: Leiðangursskýrsla H-13-74. (handrit).
- (82) Þorsteinn Jónsson 1974: Rækjuleit á Sæþóri EA (handrit).
- (83) Jakob Magnússon 1974: Skýrsla til forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar um 2 leiðangra með r/s Bjarna Sæmundssyni 26/8-20/9. (handrit).
- (84) Sólmundur Einarsson 1974: Álit varðandi tilraunaveiðar á rækju á djúpslóðum. (handrit).
- (85) Guðni Þorsteinsson 1975: Leiðangursskýrsla D-4-75. (handrit).
- (86) Guðni Þorsteinsson 1975: Leiðangursskýrsla H-5-75. (handrit).
- (87) Unnur Skúladóttir 1975: Leiðangur D-8-75. (handrit).
- (88) Hjálmar Vilhjálmsson 1975: A 3-75. Leiðangursdagbók.
- (89) Jón Jónsson 1990: Hafrannsóknir við Ísland II. Eftir 1937. Reykjavík 1990.
- (90) Sólmundur Einarsson 1975: Ný rækjumið í Axarfirði. Ægir 13. tbl.
- (91) Sólmundur Einarsson 1975: Leiðangur H-6-75 (leiðangursskýrsla).
- (92) Sólmundur Einarsson 1975: Rækjuleit fyrir Austur- og Norðurlandi. Ægir 14. tbl.
- (93) Jakob Magnússon 1975: Skýrsla til forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar um leiðangur með r/s Hafþór 19.ág.-1.sept. 1975. (handrit).
- (94) Sólmundur Einarsson 1975: Leiðangur D-11-75 (leiðangursskýrsla)
- (95) Kjartan Thors 1975: Leiðangursskýrsla H-12-75. (handrit).
- (96) Hjálmar Vilhjálmsson 1976: Leiðangur B-9-1976. (handrit).
- (97) Guðni Þorsteinsson 1976: Leiðangursskýrsla Gg-1-76. (handrit).
- (98) Sólmundur Einarsson 1976: Leiðangur H-15-76. (handrit).

- (99) Sólmundur Einarsson 1976: Rækjuleit á djúpslóð 1976-1978. (handrit).
- (100) Guðni Þorsteinsson 1976: Rækjuleit á b/v Dagný. Leiðangursskýrsla. (handrit).
- (101) Ingvar Hallgrímsson 1977: Leiðangur A-6-77. Leiðangursskýrsla. (handrit).
- (102) Ingvar Hallgrímsson og Sólmundur T. Einarsson 1978: Rækjuleit og rækjuveiðar á djúpslóð. Ægir 10 tbl.
- (103) Jón Logi Jóhannsson 1978: Djúprækjuveiðar. Ægir 10. tbl.
- (104) Ingvar Hallgrímsson 1978: Vorleiðangur 1978 á Bjarna Sæmundssyni. Leiðangursskýrsla. (handrit).
- (105) Ingvar Hallgrímsson 1979: Leiðangur B-5-79. Rækjuleit á Bjarna Sæmundssyni. Leiðangursskýrsla. (handrit).
- (106) Einar Jónsson og Sigfús Jóhannesson 1979: Leiðangur D-10-79. Leiðangursskýrsla (handrit).
- (107) Guðm. Skúli Bragason 1979: Leiðangur ÍS-Ú-4-79. Leiðangursskýrsla (handrit).
- (108) Sigfús Jóhannesson 1979: B-14-79. Rækja. Leiðangursskýrsla (handrit).
- (109) Einar Jónsson 1980: Leiðangursskýrsla D-12-80. (handrit).
- (110) Ingvar Hallgrímsson 1958: Unusual distribution of salps in Icelandic waters. Int. Coun. Explor. Sea. Ann. Biol. 14:29.
- (111) Ingvar Hallgrímsson 1980: Vorleiðangur B-8-80 Leiðangursskýrsla (handrit)
- (112) Ingvar Hallgrímsson 1980: Hafthors expedition on the Stredbank prawn grounds, East-Greenland. Skýrsla til Grønlands Fiskeriundersøgelse. Handrit.
- (113) Ingvar Hallgrímsson 1980: Leiðangur á Hafþór H-3-80. Leiðangursskýrsla (handrit).
- (114) Einar Jónsson 1980: Biological data gathered by the Dalborg expedition on the Stredbank prawn grounds, East-Greenland. Skýrsla til Grønlands Fiskeriundersøgelse. Handrit.
- (115) Ingvar Hallgrímsson 1987: Rannsóknáættun. Stofnmælingar djúprækju 20.6.-28.8. 1987. Fjölrituð skýrsla.
- (116) Högni Torfason 1990: Stóri kampalampi. Reykjavík.
- (117) Sigfús Schopka 1976: Leiðangur B-8-76. Leiðangursskýrsla (handrit).
- (118) Hrafnkell Eiríksson 1993: Nytjastofnar botndýra. Tímar. Vísindafél. Ísl. (í prentun).